

SHALDÖR
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Jólabakstur
Allt



MATSEDILLINN FYLGIR
BLADINU Í DAG

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

22. nóvember 2011
273. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reennsóðalöngun Cancer Cent Gallup apríl - júní 2011



Veðurbarinn leikstjóri

Reynir Lyngdal leikstjóri spennumynd uppi á Langjökli.

fólk 34

Jólatré handa öllum

Tveir hönnuðir standa í annað sinn fyrir átakinu Pakki á pakka. Í ár er það til styrktar Fjölskylduhjálpi Íslands.

tímamót 18


Ræðir aftur við Heiðar

Lars Lagerbäck hefur hrifist af leik Heiðars Helgusonar upp á síðkastið.

sport 30



veðrið í dag



HVASST SYÐRA Í dag verða víða suðaustan 8-15 m/s, hvassast syðst. Rigning S- og SA-lands en skúrir eða él V-til. Hiti 0-8 stíg.

VEÐUR 4

Skattur fælist kísiliðnað frá

Forsvarsmáður Ísleńska kísilfélagsins er uggandi um framtíð kísiliðnaðar ef fyrirhuguð álagning kolefnisgjalds gengur eftir. Segir breytinguna fara á svig við fjárfestingarsamning sem gerður var við stjórnvöld.

ÍDNADUR „Ef þetta verður að lögum er ég verulega hræddur um að okkar fjárfestar muni hætta við,“ segir Magnús Garðarsson, forstjóri Ísleńska kísilfélagsins, um fyrirhugaða breytingu á lögum sem munu leggja kolefnisgjald á rafskaut sem meðal annars er notað til kísilframleiðslu.

Breytingin er hluti af frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem var til umræðu á þingi í upphafi mánaðar. Umsagnarferli er nýlokið og frumvarpið verður næst tekið fyrir í efnahags- og viðskiptanefnd.

Ísleńska kísilfélagið vinnur að gerð kísilverksmiðju í Helguvík en Magnús segir í samtali við Fréttablaðið að þetta gjald muni breyta öllu umhverfi til kísilframleiðslu hér á landi.

„Þetta er mjög hár skattur sem mun hækka enn meira fram til 2015, og þegar svona skattur er kominn er alltaf hægt að halda áfram að hækka hann þar til að svona iðnaður hér á landi verður alls ekki samkeppnishæfur.“ Magnús bætir því við að þó að Kísilfélagið sé komið lengst í ferlinu, séu fleiri kísilfyrirtæki að undirbúa starfsemi hér á landi. Þau áform séu í hættu vegna kolefnisgjaldsins.

„Þetta drepur alveg niður allar efnahagslegar forsendur fyrir kísilvinnslu á Íslandi. Fyrirtækin fara einfaldlega eitthvert annað. Til dæmis er hægt að fá raforku á svipuðu verði í Bandaríkjunum, þar sem ekki er talað um kolefnis-skatta.“ Hann segist jafnframt vera hissa á að stjórnvöld, sérstak-

Stækkunaráform Elkem í uppnámi

Allnokkrar umsagnir bárust um setningu kolefnisgjalds á rafskaut til iðnaðar. Meðal annars segir í umsögn Elkem Íslands, sem rekur verksmiðju á Grundartanga, að álagning þessi sé brot á samkomulagi sem stjórnvöld gerðu við stóriðjufyrirtæki árið 2009. Verði af henni muni það hafa í för með sér útgjöld upp á 430 milljónir árið 2013, 645 milljónir árið eftir og loks 860 milljónir árið 2015. Það muni bæði „þurrka upp allan rekstrarhagnað félagsins“ og koma í veg fyrir áhuga Elkem á að stækka verksmiðjuna, eins og staðið hafi til um nokkurt skeið.

lega Vinstri græn, sjái ekki kostina sem kísilframleiðsla á Íslandi hefur út frá umhverfissjónarmiði.

Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að álagning kolefnisgjalds verði endurskoðuð á næsta ári, en Magnús segir það ekki gefa ástæðu til bjartsýni.

„Við gerðum fjárfestingarsam-

ing við ríkið, einmitt til að tryggja fjárfestum okkar fyrirsjáanlegt hagkerfi. Þar segir að engar áætlanir séu um að leggja nýja skatta á orkufreka starfsemi. Svo er ekki líðið árið áður en svona nokkuð kemur fram. Trúverðugleiki stjórnvalda er enginn ef af þessu verður.“

- þj



JÓLIN NÁLGAST Á SÓLEYJARGÖTU Starfsmenn Orkuveitunnar voru í óðaðnn í gær að setja upp glænýjar ljósaseríur á Sóleyjargötu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Talsverður viðbótarkostnaður vegna endurnýjunar jólaskreytinga í Reykjavík:

Sex aukamilljónir í jólaskraut

REYKJAVÍKURBORG „Það er verið að bæta töluvert í,“ segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg, um jólaskreytingar sem settar verða upp á vegum borgarinnar í ár.

Áætlað er að borgin verji 31 milljón króna í jólaskreytingar að þessu sinni. Sex milljónir er viðbótarkostnaður miðað við fyrri

ár. Helgast það af endurnýjun og viðbótum.

Meðal þess sem er verið að endurnýja eru ljósaseríur í um eitt hundrað trjám í miðborginni sem ekki var kveikt á í fyrra. Þessi tré eru á Laugavegi, í Bankastræti, Lækjargötu og á Sóleyjargötu.

„Síðan ætlum við að bæta við fimm jólatrjám á torgum svo

þau verða samtals 25,“ segir Jón Halldór. „Við erum að láta smíða tíu stórar jólaklukkur sem nú í vikunni verða hengdar upp yfir Laugavegi og Skólavörðustíg. Þá má nefna að við erum að láta gera nýja stjörnu á Óslóartréð en kveikt verður á því næsta sunnudag. Við erum að nota peninginn til að hleypa lífi í borgarbúa.“

- gar

Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til matargerðar.



Geymslupolin mjólkurvara

ms.is

HALENDIÐ
STÍGNA BRAGI



„Gríðarflott, frumlegt og hylldjúpt skáldverk.“

PHS/FRÉTTABLAÐIÐ

Hefur þú skolað í dag?



Fyrir börn og fullorðna



Sterkar tennur, fallett bros – það er Flux!

FÆST Í APÓTEKUM

actavis

AÐVENTU TILB 11.900 KR.*



Nýjar og betri flugvélar!



Iceland Express kynnr með stolti nýjar flugvélar og verður fyrst flugfélaga á Íslandi til að bjóða áætlunarflug með **Airbus-flugvélum**. Þær eru mun rýmri en eldri flugvélar og taka 180 farþega. Airbus-flugvélar eru árgerðir 2004 og 2011 og verða því **ýngstu flugvélar í áætlunarflugi á Íslandi**. Af þessu tilefni bjóðum við flugsæti til London, Kaupmannahafnar og Berlínar á **sérstöku tilboðsverði**. Skelltu þér í jólastemninguna á betra verði, þú bókar á www.icelandexpress.is

Ferðatímabil: 23. nóv.-31. des. 2011

Bókunartímabil: Frá kl. 12:00 í dag, 22. nóv., til kl. 12:00 á fimmtudag, 24. nóv.

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Valdar dagsetningar.



Berlín

- Frábærir jólamarkaðir í Potsdamer Platz, Alexanderplatz og Charlottenburg
- Fjöldi tónleika
- Ballettsýningar, m.a. Svanavatnið með Russian National Ballet
- Það er ódýrt að versla í Berlín, kíktu í KaDeWe og Quarter 206



Køben

- Jól í Tívolí - í ár er rússneskt þema í Tívolíinu
- Ekta danskt jólahlaðborð
- Jólamarkaðir í Nýhöfn og við Kronborgarkastalann
- Meira að segja dýrin eru komin í jólaskap í dýragarðinum!
- Jólahátíð á Frederiksberg, markaður, tónlist og skemmtilegar uppákomur
- Jólábjórsmökkun
- Hin eina sanna jólastemning á Strikinu



London

- Leikhús og söngleikir, Billy Elliot, Mamma Mia!, Vesalingarnir, o.fl. o.fl.
- Skautasvell út um alla borg: Canary Wharf, Somerset House og Westfield
- Jólátónleikar í Royal Albert Hall o.fl.
- Jólamarkaður og ýmsar jólalegar uppákomur í Winter Wonderland í Hyde Park
- Jólastemning og frábærar verslanir á t.d. Oxford Street, Regent Street og Jermyn Street

Iceland Express



Tilboð
kr. 3.999
kr. 5.499



Tilboð
kr. 3.999
kr. 5.999

Tilboð
kr. 4.499
kr. 5.999

Tilboð
kr. 4.499
kr. 5.999



Tilboð
kr. 4.499
kr. 5.999

Tilboð
kr. 4.499
kr. 5.999

Tilboð gilda til og með 27.11.11

Alltaf pláss fyrir góða bók

Ómissandi þáttur í jólahaldi bókaþjóðar



Eymundsson.is



AFSLÁTTARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum
rafmagnsrúm
í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm
á 20% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

AFSLÁTTARDAGAR

Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með
hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
- Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjós-klos
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað fékk Bjarni Benediktsson mörg prósent atkvæða í formanskjöri Sjálfstæðisflokksins um helgina?

2. Hvað stunda margir nám í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík?

3. Hvað hefur Heiðar Helguson skorað mörg mörk fyrir QPR síðan í október?

SVÖR:

1. 55 prósent 2. 24 3. Fimm



ÍBÚFEN Lyfið er algengasta bólgulyfið á Íslandi.

Íbúfen ófáanlegt í lausasölu:

Meira lyfjaúrval í nágranna-löndunum

HEILBRIGÐISMÁL Algengasta verkja- og bólgulyf Íslendinga, íbúfen, er ófáanlegt í lausasölu. Ríkisendurskoðun gagnrýnir skort á samkeppni á lyfjamarkaðnum en úrvalið hér er minna en á Grænlandi og í Færeyjum.

Ástæðan er sú að sending frá Actavis sem kom í síðustu viku af lyfinu reyndist óseljanleg. Lyfin koma í hitastýrðum gámum og voru þeir vitlaust stilltir.

Þessi tímabundni íbúfen-skortur í landinu undirstrikar aðeins hluta af stærra vandamáli, sem er skortur á samkeppni á lyfjamarkaði.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um þróun lyfjakostnaðar hér á landi kemur fram að vegna smæðar markaðarins sé framboð lyfja hér mun minna en annars staðar á Norðurlöndum.

- ÞÞ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sveiflaði hnífi í bústað

Lögglumenn voru kallaðir að sumarbústað skammt frá Borg í Grímsnesi í gærmorgun vegna manns sem lét ófriðlega og sveiflaði hnífi án þess þó að beina honum að fólki. Maðurinn var í hópi fólks sem var í teiti fram á nótt og undir morgun. Hann var handtekinn og færður í fangageymslu þar sem hann var látinn sofa úr sér.

Ríkisendurskoðun hafnar beiðni forsætisnefndar um úttekt á arðsemi Vaðlaheiðarganga:

Alþingi neitað um úttekt í fyrsta sinn

ALÞINGI Ríkisendurskoðun hefur hafnað beiðni Alþingis um að gera úttekt á áætluðum kostnaði, forsendum og fleiri þáttum sem tengjast fyrirhuguðum Vaðlaheiðargöngum. Er þetta í fyrsta sinn sem stofnunin hafnar beiðni frá Alþingi.

Ástæðan er sú að slíkt er ekki lögbundið verkefni stofnunarinnar, auk þess sem Sveinn Arason ríkisendurskoðandi telur sig vanhæfan vegna fjölskyldutengsla sinna við Kristján L. Möller alþingismann, en þeir eru mágur.

Kristján er stjórnarmaður í Vaðlaheiðargöngum ehf. og fyrrverandi samgönguráðherra.

Sveinn segir að stofnunin verði að gæta þess að fara ekki út fyrir þann ramma sem tilgreinir lögbundið hlutverk sitt.

„Auðvitað eru markatilvik eins og í öllum málum og þar verðum við að velja og hafna,“ segir hann. „Mál þurfa að vera afgerandi til að við höfum beiðnum frá forseta Alþingis.“ Sveinn segir að það sem hafi legið bak við beiðnina um Vaðlaheiðargöng hafi verið þannig

útfært að augljóst væri að Ríkisendurskoðun gæti ekki framkvæmt úttektina.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segir það hafa verið nefnt í forsætisnefnd að þetta gæti orðið niðurstaða ríkisendurskoðanda, en niðurstaðan var að það yrði hans að meta það. Óski þingmenn eftir því að stofnunin geri úttekt á málum sé yfirleitt orðið við því, en allar beiðnir fara í gegnum forsætisnefndina. Upphaflega kom ósk um úttekt frá umhverfis- og samgöngunefnd. -sv



SVEINN ARASON

ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESSDÓTTIR

Bráðabirgðastjórn Egypta segir af sér vegna mótmæla

Minnst 24 hafa látist í átökum mótmælenda og lögreglu í Kaíró síðan á laugardag. Bráðabirgðastjórnin sagði af sér í gær. Seint í gærkvöld var óljóst hvort herforingjaráðið hafði fallist á afsögn stjórnarinnar.

EGYPTALAND, AP Bráðabirgðastjórnin sem ríkt hefur undanfarna mánuði í Egyptalandi sagði af sér í gær í skugga mikillar mótmælaöldu sem staðið hefur frá því á laugardag.

Stjórnin hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir dugleysi og undirlægjuhátt í samskiptum við herinn. Samhliða uppsögninni lýsti hún því yfir að hún hygðist þó áfram fara með daglega stjórn landsins þar til ákveðið yrði hvernig brugðist skyldi við.

Öryggissveitir herforingjastjórnarinnar köstuðu táragegghylkjum inn á Tahrir-torgið í Kaíró í gær og börðust þar við þúsundir mótmælenda þriðja daginn í röð. Átökin hafa kostað að minnsta kosti 24 lífið.

Mótmælendur, flestir ungir aðgerðasinnar, halda til streitu kröfum sínum um að herforingjastjórnin láti völdin í hendur borgaralegrar ríkisstjórnar. Harðir bardagar hafa geisað á torginu, mótmælendur kasta steinum og eldsprengjum að svartklæddri lögreglunni, sem svarar með gúmmikúlnahríð.

Á sunnudagskvöld gerði lögreglan atögu að mótmælendum í því skyni að rýma torgið. Það mistókst. Stanslaus straumur slasaðra mótmælenda var inni í bráðabirgðaskýli á gangstéttunum umhverfis torgið þar sem sjálfboðaliðar gerðu að sárnum þeirra.

Mótmælin hófust á laugardag, viku fyrir fyrstu þingkosningarnar í landinu eftir að Hosní Múbarak var hrakinn frá völdum í ársbyrjun. Vonir höfðu staðið til að kosningarnar yrðu fyrsta skrefið í



DAVÍÐ OG GOLÍAT Mótmælendurnir hafa skotið steinum úr teygjubyssum og kastað eldsprengjum að brynvarinni lögreglu. Á móti skýtur lögregla táragegghylkjum og gúmmikúlum. Á þriðja tug liggja nú í valnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

átt að því að raunverulegt lýðræði kæmist á í Egyptalandi.

Þess í stað hafa kosningarnar fallið í skuggann af vaxandi reiði í garð herforingjastjórnarinnar, sem mótmælendur saka um að þökast óðum í átt að sams konar einræðistilburðum og einkenndu stjórnarhætti Múbaraks. Þeir óttast jafnframt að herforingjastjórnin muni áfram

ríkja yfir þeirri stjórn sem tekur við að kosningunum loknum, líkt og verið hefur með bráðabirgðastjórnina undanfarna mánuði.

Herinn hefur sagt að hann muni ekki draga sig í hlé fyrr en eftir forsetakosningarnar, sem hefur verið gefið í skyn að verði haldnar í lok 2012 eða snemma árs 2013.

Starfsmaður líkhúss í Kaíró staðfesti í gær að minnst 24 hefðu

látist í mótmælunum, þar af fimm frá miðnætti á sunnudag. Að sögn lækna við torgið hafa hundruð manna leitað sér aðhlynningar. Einn þeirra kveðst sinna 80 manns á hverri klukkustund. Mest sé um fólk með eymsli í augum og hálsi af völdum táragegga og sár í andliti eftir gúmmikúlu. Nokkrir hafa misst augu af völdum slíkra skota.

stigur@frettabladid.is

“TÓNLEIKARNIR VORU STÓRKOSTLEGIR!”
Guðrún Jóna
tónleikagestur í Hofi.

1991-2011

FREDDIE MERCURY

HEIÐURSTÓNLEIKAR Í HÖRPU

VIÐ HEIÐRUM MINNINGU MEISTARA FREDDIE MERCURY Í TÍLEFNI AF AÐ 20 ÁR ERU LIDIN SÍÐAN HANN LÉST. EINSTÖK KVÖLDSTUND OG FRÁBÆR TÓNLIST!

MATTI MATT - EIRÍKUR HAUSSON - EYÞÓR INGI
FRÍÐRIK ÓMAR - MAGNI - HULDA BJÖRK GARDARSDÓTTIR
ÁSAMT STÓRHLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT


23.NÓV KL. 20:00 - UPPSELT
23.NÓV KL. 22:30 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
24. NÓV. KL. 20:00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
24. NÓV. KL. 22:30 - ÖRFÁ SÆTI LAUS

MIDASALA Á WWW.MIDI.IS OG Í SÍMA 528-5050. MIDAVERD 6400.-

rekkjan

SÆNGURFATA UTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



**ATH!
AÐEINS
Í NOKKRA
DAGA!**

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 3.540 KR.



ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

AC Pacific

PRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM
Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 227.130 kr.

**NÚ 149.000 kr.
34% AFSLÁTTUR!**

AC PACIFIC

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefn-svæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM

50% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM



rekkjan



KJARNORKU MÓTMÆLT Þessari fuglahræðu komu mótmælendur upp í Norður-Pýskalandi til að mótmæla fyrirhuguðum flutningi á kjarnorku-úrgangi um landsvæðið. NORDICPHOTOS/AFP



HARPA Rannsókn MMR sýnir að aðsókn landsmanna í Hörpu hefur verið tölverð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikil aðsókn í tónlistarhúsið: Rúm 50 prósent komið í Hörpu

MENNING Meira en helmingur landsmanna hefur komið í tónlistarhúsið Hörpu og þröðjungur hefur sótt þar tónlistarviðburð. Eru þetta niðurstöður nýrrar könnunar MMR á aðsókn Íslendinga í húsið, sem opnað var í júní.

Fólk á aldrinum 18 til 29 ára hefur farið í Hörpu í meiri mæli en eldra fólk, 56 prósent í yngsta aldersflokknum en 50 prósent eldra fólks. Þá virðast tekjur skipta einhverju máli í þessu samhengi þar sem aðsóknin er minnst í tekjuminnsta hópnum, 43 prósent, en mest í tekjuhæsta hópnum, 65 prósent. - sv

UPPLÝSINGAMÁL

Landsnet opnar vef

Landsnet hefur opnað upplýsingavef um háspennuflötlinur og jarðstrengi. Markmiðið er að þar geti allir sem áhuga hafa fundið á einum stað helstu staðreyndir um kosti og galla lína og strengja, stefnumótun í þessum efnum, bæði heima og erlendis, sem og fjölmiðlaumfjöllun hérlendis.

Tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum:

Stofnun Vigdísar fær viðurkenningu UNESCO

MENNING Alþjóðleg tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands hefur fengið samþykki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um að starfa undir formerkjum hennar.

„Þetta er mikil viðurkenning fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og mun efla starf hennar og gera henni kleift að rækja betur alþjóðlegar skyldur sínar,“ segir í tilkynningu. Í gær var einnig sagt frá því að efna eigi til opinna hönnunarsamkeppni um byggingu tungumálamiðstöðvarinnar. Ætlunin sé að hefja framkvæmdir eftir eitt til eitt og hálf ár og að byggingin verði tekin í notkun árið 2014.

Þá segir í tilkynningu að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hafi í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og íslensku UNESCO-nefndina kappkostað að miðstöðin hlyti viðurkenningu sem UNESCO-stofnun. Erindi um þetta hafi verið samþykkt samhljóða á allsherjarráðstefnu Menningarmálastofnunarinnar 4. nóvember síðastliðinn. Viðurkenningin sé kærkomin.

„Standa vonir til að hún muni auðvelda stofnun Vigdísar að eflast enn frekar og rækja alþjóðlegt hlutverk sitt en það er öðru fremur að stuðla að fjölyngi og skilningi á ólíkri menningu þjóða og varðveislu tungumála.“

- gar



ÁFANGA NÁÐ Vigdís Finnbogadóttir, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Setja á fót nefnd um framtíðarskipan gjaldeyrismála

Íslendingar eiga að skoða alla kosti í gjaldeyrismálum fordómalaust og geta skipt um gjaldmiðil. Þá á að skapa þjóðarsátt um skilyrði hliðstæð Maastricht-skilyrðunum, samkvæmt landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn mun setja á fót nefnd sem kanna á framtíðarskipan gjaldmiðilsmála á Íslandi, samkvæmt ályktun landsfundar flokksins í efnahags- og skattamálum. Íslendingar verði að geta skipt um gjaldmiðil eftir þrjú til fimm ár ef þeim sýnist svo og skoða þurfi fordómalaust alla kosti í gjaldmiðlamálum sem Íslendingum standi til boða.

Þá vill flokkurinn þjóðarsátt og samræmda stefnu um skilyrði hliðstæð Maastricht-skilyrðunum, sem notuð eru í myntbandalagi Evrópusambandsins. Það þýðir að „verðbólga, langtímavextir, afkoma ríkissjóðs og heildarskuldir eiga að vera samþæfing og þekkist í helstu viðskiptalöndum Íslands,“ að því er segir í ályktun. Með agaðri efnahagsstjórn verði unnt að draga úr vægi verðtryggingar.

Flokkurinn segir núverandi peningastefnu hafa beðið skipbrot. Hann vill að lögð verði fram tímasett áætlun um hratt afnám gjaldeyrishafta. Tilvist haftanna sendi þau skilaboð að gjaldmiðillinn þjóni ekki hlutverki sínu og þau fæli frá erlenda fjárfesta. Landsfundurinn vill að unnið verði markvisst að því að hrein skuldastaða hins opinbera við útlönd verði orðin jákvæð innan fimmtán ára. Á sama tíma ættu heildarskuldir ríkisins að vera innan við 35 prósent af landsframleiðslu.

Sjálfstæðisflokkurinn ályktaði sérstaklega um fjármál heimilanna og kemur þar fram að hann vilji færa niður höfuðstól verðtrygginga og gengistrygginga hús-



AF LANDSFUNDI Fjölmargar ályktanir litu dagsins ljós á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um liðna helgi. Ályktað var í sjö málaflökum um auk þess sem almenn stjórn málaályktun var samþykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Yfirlýsingar ráðherra um þjóðnýtingar og stórfelldar skattahækkningar ber að fordæma.

ÚR LANDSFUNDARÁLYKTUN SJÁLFTÆÐISFLOKKSINS

næðislána. Það sé forsenda fyrir auknum hagvexti og framtíðaruppbyggingu. Flokkurinn leggur áherslu á séreignarstefnu í húsnæðismálum, gera verði fólki kleift að búa í eigin húsnæði „með það að markmiði að

treysta fjárhagslegt sjálfstæði þess með tilheyrandi eignamyndun og auknum ráðstöfunartekjum“. Þá verði að tryggja virka samkeppni á lánamarkaði vegna húsnæðisþess, en verðtrygging neytendalána eigi ekki að vera valkostur.

„Yfirlýsingar ráðherra um þjóðnýtingar og stórfelldar skattahækkningar ber að fordæma,“ segir í ályktun um atvinnumál. Flokkurinn vill auðvelda erlendum aðilum að fjárfesta í atvinnulífinu og ályktar að efla eigi kynningar- og markaðsstarf tengt því.

Landsfundur vill einnig að skoðað verði með opnum hug að skrá hluta af hlutabréfum Landsvirkjunar á markað. Þá megi stjórnvöld ekki leggja stein í götu þess að orkuauðindir í nýtingarflokki verði nýttar.

Gera á heildstæða dreifbýlisþróunarstefnu og samning við bændur til að stuðla að öflugri atvinnulífi í sveitum. Jafnframt verði áfram stuðst við aflamarkskerfi í sjávarútvegi, gerðir afnotasamningar við núverandi fiskveiðiréttarhafa og fyrir afnotarétt renni gjald til ríkisins.

thorunn@frettabladid.is

VIRKUR VERÐBRÉFAMARKAÐUR

Fundur í Turninum Kópavogi, 20. hæð - 24. nóvember 2011 - kl. 8.15-10.15

Tilgangur • Forsendur • Tækifæri
Nóv. 2011 • Apríl 2012 • Okt. 2012

Fundarráð Deloitte, Kauphallarinnar og Viðskiptaráðs Íslands um mikilvægi virks verðbréfamarkaðar á Íslandi. Á fyrsta fundinum verður farið yfir tilgang virks verðbréfamarkaðar. Á næstu tveimur fundum verður fjallað um forsendur hans og þau tækifæri sem þar felast.

Setning fundar:

Knútur Þórhallsson, stjórnarformaður Deloitte.

Fundarstjóri:

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Aðgangseyrir er kr. 3.500 með morgunverði sem hefst kl. 8.00.

Skráning á skraning@deloitte.is

Fundarmenn:

Magnús Harðarson, aðstoðarforstjóri NASDAQ OMX Iceland
Hvaða fyrirtæki eiga erindi á markað?

Auður Finnbogadóttir, framkv.stjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga
Virði markaðar fyrir fjárfesta

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands
Enduruppbygging hlutabréfamarkaðar á Íslandi

Árni Jón Árnason, yfirmaður fjármálamarkaða hjá Deloitte
Hvernig má tryggja skilvirkt skráningarferli

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka
Skráning Haga á markað

Tugmilljóna sparnaður:

Greiðsluseðlar verða rafrænir

REYKJAVÍK Allir greiðsluseðlar frá Reykjavíkurborg verða sendir út rafrænt í heimabanka viðskiptavina frá og með næstu mánaðamótum. Talið er að þetta muni spara borginni allt að 45 milljónir króna á ári. Einstaklingar eldri en 67 ára og fyrirtæki eru einu aðilarnir sem fá senda prentaða seðla senda heim.

Borgin hætti að senda út prentaða greiðsluseðla vegna fasteignagjalda í fyrra og hefur það sparað um 280 þúsund heimsendingar á prentuðum reikningum. - sv

Barnaheill veittu Herdís Storgaard viðurkenningu fyrir baráttu fyrir börn í 20 ár:

Slysum hefur fækkað um helming

SAMFÉLAGSMÁL Herdís L. Storgaard, verkefnastjóri slysavarna hjá Slysavarnahúsinu, hlaut í gær viðurkenningu samtakanna Barnaheilla í ár fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda. Herdís hefur frá árinu 1991 veitt slysavarnaverkefni Árvefni forstöðu, en á þessum 20 árum hefur slysum á börnum fækkað um helming, úr 22.000 í um 11.000 ári.

„Dróunin hefur verið jákvæð. Foreldrar eru sjálfir farnir að berjast til þess að tryggja öryggi barna sinna og stjórnvöld eru meira opin fyrir því að taka ábendingum en áður. Það er hins vegar mikið óunnið enn,“ segir Herdís, sem árlega sinnir rúmlega 2.000 fyrirspurnum og ábendingum.

Þegar Forvarnahúsinu var lokað um síðustu

áramót gerði hún samning við landlæknisembættið um verkefnið. „Samningurinn er hins vegar að renna út um áramótin. Ég er eiginlega orðin þreytt á því að vera alltaf að sanna mig og berjast fyrir því að tryggja smápeninga til slysavarna barna sem ég sinni í því sem ég kalla slysavarnahúsið í Borgartúni 41. Eftir margra ára reynslu er það skoðun mín að svona verkefni sé betur borgið sem grasrótaverkefni þótt það vinnist með hinu opinbera. Annars tekst það ekki.“ - ibs

VIÐURKENNING Stefán Sverrisson, nemandi í Linda-skóla, afhenti Herdís Storgaard viðurkenninguna ásamt Helga Ágústssyni, formanni samtakanna Barnaheilla.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Var gripinn glóðvolgur:

Buster benti á falda hassmola

LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn á Selfossi höfðu nýverið afskipti af öikumanni bifreiðar. Maðurinn var grunaður um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna við aksturinn.

Í framhaldi þessara afskipta var gerð leit á heimili öikumannsins, að fengnum dómsúrskurði þar að lútandi. Fíkniefnahundurinn Buster tók þátt í leitinni. Hann gaf vísbendingu um að á tilteknum stað væru fíkniefni. Það reyndist vera á rökum reist því lögreglumenn drógu fram nokkra hassmola sem vógu samtals um fjörutíu grömm. - jss

Ferð.is í eigu VITA:

Ný ferðaskrifstofa á netinu

FERÐAÞJÓNUSTA Ný íslensk ferðaskrifstofa, Ferð.is, hefur tekið til starfa. Ferðaskrifstofan, sem er í eigu VITA ferðaskrifstofu, er frábrugðin öðrum netbókunarsíðum að því leyti að um ferðaskrifstofu er að ræða sem hefur öll tilskilin leyfi og tryggingar, að því er segir í fréttatilkynningu frá rekstraraðilum.

Þar segir jafnframt að verið sé að svara kalli neytenda eftir ódýrum en jafnframt öruggum kosti í skipulagningu ferðalaga.

Ferð.is býður upp á pakkaferðir en einnig flug, eingöngu hótél og eða bílaleigubíla. - ibs



FYRSTA FLUGIÐ Delta hóf flug til Keflavíkur í byrjun júní á síðasta ári og ætlar að fljúga á ný næsta sumar.

Milli New York og Keflavíkur:

Delta flýgur til Íslands á ný

SAMGÖNGUMÁL Bandaríska flugfélagið Delta Air Lines mun fljúga milli Keflavíkurflugvallar og John F. Kennedy-flugvallar í New York næsta sumar.

Delta tilkynnti þetta í gær, en flugfélagið flaug einnig hingað til lands síðasta sumar. Fimm flug verða í hverri viku frá og með 2. júní á næsta ári.

Í tilkynningu frá félaginu segir að flugleiðin hafi reynst eftirsóknarverð fyrir bandaríska ferðamenn í fyrra. Þá geti farþegar frá Íslandi náð tengiflugum beint frá Kennedy-flugvelli til 45 áfangastaða innan Bandaríkjanna. - þeb

VIÐSKIPTAVINIR ARION BANKA FÁ JÓLADAGATAL ANDRÉSAR

GEFINS Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

Jóladagatal fyrir alla fjölskylduna.
Hver gluggi á dagatalinu hefur að geyma eina spurningu um vini okkar í Andabæ. Hægt er að svara spurningunum á hverjum degi á www.andresond.is/joladagatal og eiga möguleika á glæsilegum vinningum.

Vertu með á hverjum degi til jóla.
Meðal vinninga eru PS3 leikjatölva og PlayStation Move, gjafabréf í Eymundsson, gjafabréf á Framtíðarreikning Arion banka, Andrésar-íþróttatöskur, DVD frá Samfilm, bíómiðar, Sögusafn Disney, gjafabréf á Hamborgarafabrykkuna, Jólasyrpur, Muppets-bolir, Stóra Disney köku- og brauðbókin og margt fleira.

Viðskiptavinir Arion banka fá Jóladagatal Andrésar gefins í næsta útibúi á meðan birgðir endast.

©Disney
Áskrifendur að Sýrpu og Andrési Önd fá jóladagatalið sent heim!
www.andresond.is/joladagatal

800 MILLJÓNA hagnaður varð af rekstri Eimskips á þriðja fjórðungi þessa árs. Alls hefur Eimskip hagnast um tvo milljarða á árinu.

Forstjórskipti hjá Pennanum: Fer í söluferli í febrúar 2012

VIÐSKIPTI Gert er ráð fyrir því að söluferli Pennans hefjist í febrúar 2012 þegar ársreikningur fyrir árið 2011 liggur fyrir. Áætlanir gera ráð fyrir að söluferlinu ljúki í maí eða júní. Þetta kemur fram í skriflegu svari Þórdísar Úlfsdóttur, framkvæmdastjóra Eignabjargs sem heldur á 100% hlut í Pennanum. Eignabjarg er dótturfélag Arion banka sem tók Pennann yfir fyrir um 32 mánuðum.

Í gær var tilkynnt að Jóhanna Waagfjörð hefði verið ráðin forstjóri Pennans í stað Helga Júlíussonar sem gegnt hafði starfinu frá árinu 2009. Jóhanna hefur verið framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar hjá Pennanum frá því í febrúar. Hún var áður fjármálastjóri Haga um árabíl.

Þórdís segir að ákveðin kaflaskipti séu hjá Pennanum nú þegar endurskipulagningu félagsins sé lokið. „Staða Pennans er sterk og rekstur í samræmi við áætlanir. Fyrirverandi forstjóri hefur ákveðið að stíga til hliðar, og aðrir að taka við keflinu í söluferlinu sem fram undan er.“

Arion banki stofnaði nýtt félag utan um rekstur Pennans á árinu 2009. Félagið hefur alls tapað rúmum milljarði króna frá því að það var sett á fót. Arion banki setti 200 milljónir króna í reiðufé inn í Pennann í september síðastliðnum. Sú hlutfjárakning var hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

- þsj




FORSTJÓRI Jóhanna Waagfjörð hefur tekið við forstjórarstarfinu hjá Pennanum.

Markaðshlutdeild fjarskiptafyrirtækja

Heimild: tölfraeðiskýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar

Myndin sýnir heildarfjölda áskrifta innan farsímanets.



BREYTINGAR Staðan á farsímanarkaði hefur breyst mikið á undanförunum árum með tilkomu Nova inn á hann og gríðarlegri aukningu í notkun snjallsíma á borð við iPhone.

Nova með fjórðungshlutdeild á íslenskum farsímanarkaði

Einungis fimmtungur viðskiptavina Nova er með fastar áskriftir. Vodafone tapaði viðskiptavinum á þessu ári eftir að hafa bætt við sig í fyrra. Síminn hefur misst tugþúsundir úr viðskiptum á undanförunum árum.

VIÐSKIPTI Vodafone og Síminn hafa bæði tapað viðskiptavinum í farsímaþjónustu það sem af er ári. Nova heldur áfram að bæta við sig viðskiptavinum og er nú komið með 24% markaðshlutdeild. Þetta kemur fram í nýrri tölfraeðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um íslenskan fjarskiptamarkað á fyrri helmingi ársins 2011.

Vodafone var með 116.065 viðskiptavinum síðustu áramót og 30,9% markaðshlutdeild. Þeim fækkaði um tæp fjögur þúsund á fyrri helmingi þess árs og voru 112.392 í lok júní síðastliðins. Þar af voru 103.493 í farsímaþjónustu og 8.899 með 3G internet-nettengla (punga). Markaðshlutdeild Vodafone á farsímanetinu var 29,8%. Vodafone hagnaðist um 55 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2011. Framtakssjóður Íslands á 79% hlut í Vodafone.

Áskriftum hjá Símanum heldur áfram að fækka. Heildarfjöldi þeirra sem kaupa þjónustu í farsímaneti fyrirtækisins var 154.416 um mitt þetta ár. Þeim hafði fækkað um tæplega 2.500 það sem af er ári. 136.483 eru með farsímaþjónustu hjá Símanum og 17.933 með 3G-punga. Markaðshlutdeild Símans er nú 41%. Fyrirtækið er

með sterkustu stöðuna í föstum áskriftum þar sem það er með 48,5% af markaðinum. Fastar áskriftir skila mun meiri tekjum en frelsisáskriftirnar.

Í árslok 2007 var Síminn drottandi á farsímanarkaði. Heildarmarkaðshlutdeild fyrirtækisins innan farsímanetsins var þá 60%. Síðan þá hefur viðskiptavinum Símans fækkað um rúmlega 30 þúsund. Og þeim hefur ekki tekist að ná inn nokkrum af þeim tæplega 65 þúsund viðskiptavinum sem bæst hafa við markaðinn síðan þá. Skipti, móðurfélag Símans, tapaði 1,9 milljörðum króna á fyrri helmingi þessa árs. Klakki, sem áður hét Exista, er eigandi Skipta.

Nova heldur enn áfram að bæta við sig viðskiptavinum. Í lok árs 2010 voru heildarviðskiptavinir fyrirtækisins samtals 82.545 talsins. Þeir eru nú 90.560. Af þeim eru 80.242 í farsímaþjónustu og 10.318 með 3G-punga. Markaðshlutdeild Nova var komin upp í 24% um mitt þetta ár.

Þorri viðskiptavina Nova er svokallaðir frelsisviðskiptavinir, sem greiða fyrirfram fyrir notkun sína. Vert er að taka fram að viðskiptavinir Nova greiða ekki fyrir símtöl innan kerfis.

92 milljónir SMS send á sex mánuðum

Íslenskir farsímanotendur sendu samtals 91,7 milljónir SMS-smáskilaboða á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Það er um 10% aukning frá sama tímabili árinu áður og tæplega 25% aukning frá fyrstu sex mánuðum ársins 2009. Viðskiptavinir Nova send langflest sms-skilaboð allra, eða rúmlega 50 milljónir. Þeir sendu mun fleiri skilaboð en viðskiptavinir allra hinna fyrirtækjanna til samans. Frítt er að senda öll skilaboð innan kerfis hjá Nova.

Þá voru send 789 þúsund MMS-myndskilaboð á fyrri hluta ársins 2011. Þeim fjölgaði um rúm 30% á milli ára. Viðskiptavinir Vodafone og Nova voru langduglegastir við þessa iðju. Þeir sendu samtals 90% allra MMS-myndskilaboða sem send voru hérlandis frá janúarbyrjun til júníloka.

Þar er Nova stærst með 40,4% markaðshlutdeild. Einungis um fimmtungur allra viðskiptavina Nova er með fastar áskriftir.

Á tveimur árum hefur fyrirtækið rúmlega tvöfaldast á þeim markaði. Nova tapaði 160 milljónum króna á árinu 2010. Alls hefur fyrirtækið tapað 2,2 milljörðum króna á þremur árum. Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, er eigandi Nova.

Tal var með 16.798 viðskiptavinum síðustu áramót. Fyrirtækið hefur bætt við sig um 1.200 viðskiptavinum það sem af er ári og er með 4,8% markaðshlutdeild. Rúmlega 97% allra farsímaþjónustavina Tals eru í farsímaþjónustu.

Tal tapaði 99 milljónum króna í fyrra og hefur samtals tapað um 900 milljónum króna á síðustu þremur árum. Eigið fé fyrirtækisins var neikvætt um síðustu áramót þrátt fyrir að nýir eigendur þess hafi sett 80 milljónir króna inn í nýtt eigið fé í fyrra. Tal er í eigu Auðar 1, fjárfestingarsjóðs í vörslu Auðar Capital, og Kjartans Arnar Ólafssonar.

Alterna, sem hóf starfsemi á Íslandi vorið 2010, virðist vera á útleið af íslenska farsímanarkaðinum. Einungis 1.257 áskriftir voru skráðar hjá fyrirtækinu í lok júní og markaðshlutdeild þess var 0,3%. Eigandi Alterna er bandaríska fyrirtækið World Cell. thordur@frettabladid.is

Ford Transit sendibíll
Verð án vsk frá 3.577.690 kr.
Verð með vsk frá 4.490.000 kr.



Reglugerð Evrópusambandsins um hámarksútblástur gildir frá 01. 01. 2012.



Með Euro 5 er sérstök áhersla lögð á að draga úr myndun koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda.

Fáanlegur fjórhjóladrifinn (AWD)

Ford Transit Standard heitur alla morgna



Nýtt tákni um gæði

Stilltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastíllanleg olíumíðstöð er staðalbúnaður í Transit. Vertu í hópi þeirra bestu. Kaupu Ford.



Ford Transit Connect sendibíll
Verð án vsk frá 2.541.833 kr.
Verð með vsk frá 3.190.000 kr.

Notaðu sérþjónustu atvinnubíla Ford
Komdu í kaffi og spjallaðu við okkur. Segðu okkur hvað þú ert að pæla og við finnum örugglega hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar.

Lokaútkall fyrir jól

Allt tilboðsparket með fríu hljóðeinagrandi undirlagi og listum ef keypt er í nóvember.

Smellið ykkur til okkar í einn stærsta sýningarsal landsins með frábært úrval af parketi. Þetta er bara brot af því sem við höfum upp á að bjóða.

Viðarparket

Eik 3 stafa

3990 kr. m^2

Eik planka

6990 kr. m^2

Harðparket

Eik Quik step

2990 kr. m^2

Eik hvíttuð Quik step

2990 kr. m^2

Slitflokkur
32

 GÓLFEFNALAGERINN

Kíktu við á ódýra parketlagernum okkar sem hefur að geyma alls kyns afganga og restar af parketi, plastparketi, harðparketi, hurðum, flísum og dúkum á ótrúlegu verði.

Plastparket

Reykt eik HARO planki

1190 kr. m^2

Eik hvíttuð planki HARO

1990 kr. m^2

Slitflokkur
31


HARÐVIÐARVAL

Bankar eiga í mörgum fyrirtækjum.

Samkeppni um fé

Fréttablaðið hefur á undanförunum vikum greint ítarlega frá áhrifum íslensku bankanna á innlenda samkeppnismarkaði með eignarhaldi þeirra á fyrirtækjum. Samkvæmt úttekt Fjármálaeftirlitsins (FME) voru fyrirtækin sem þeir eiga í 132 talsins í byrjun nóvember. Bankarnir hafa brugðist ókvæða við þessari talningu og birtu í kjölfarið upplýsingar um eðli þessara fyrirtækja. Með hafa fylgt skýringar um að flest fyrirtækjanna séu annaðhvort í minnihlutaeigu bankanna, geymd í dótturfélögum eða séu ekki í sam-

SKOÐUN

Pórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



keppni við önnur fyrirtæki á neytendamarkaði. Þess vegna sé skakkt að setja eignarhaldið fram með þeim hætti sem FME gerði. Þessar skýringar halda ekki að öllu leyti.

Ef hófsamlega er talið er ekki hægt að sjá betur en að stóru viðskiptabankarnir þrír eigi samanlagt, beinan eða óbeinan, hlut í á fjórða tug rekstrarfélaga sem keppa á samkeppnismarkaði. Þeir eiga þau ekki öll að fullu leyti, eru meira að segja ekki meirihlutaeigendur flestra þeirra, en eiga samt í þeim. Skilgreint hlutverk banka er að hámarka arðsemi eigna sinna. Hvort sem eignarhluturinn er 1% eða 100% hafa bankarnir því alltaf eigendahagsmuni af framgangi fyrirtækjanna.

En bankar eru líka stærstu þjónustuaðilar nánast alls atvinnulífsins. Þeir ráða yfir fjármögnun þess. Það ríkir samkeppni milli fyrirtækja um að fá lánað sem mest fé og á sem bestum kjörum. Þegar bankarnir eru farnir að eiga fyrirtækin líka skapast hætta á að það eignarhald liti þjónustuhlutverkið. Sérstaklega þegar sömu bankar hafa fjármögnun keppinauta í höndum sér.

Vegna þessarar stöðu eru lög í gildi sem segja að bankar megi ekki eiga fyrirtæki í óskyldum rekstri. Sumarið 2010 var 12 mánaða tímaramma bætt við lögin. Frá 25. júní síðastliðnum hafa bankar þurft að sækja um undanþágur frá þessum lögum ef þeir hafa haldið á eignarhlut í fyrirtæki í meira en eitt ár. 74 undanþágubeiðnir hafa borist til FME. Þær hafa allar verið samþykktar. Lengsti fresturinn er fram til 1. apríl 2012 en í flestum tilfellum hafa bankarnir frest fram að áramótum til að losa sig við eignarhlutina. Eða sækja um enn lengri frest.

Aðstæður á Íslandi eru fordæmalausar. Hægt er að sýna því vissan skilning að það taki tíma að endurskipuleggja atvinnulíf heils lands. En þegar efnahags- og viðskiptaráðherra, sem fer líka með málefni FME, lagði fram ofangreinda breytingartillögu á lögum um fjármálaefirlit þá hlýtur það að hafa verið skýr vilji hans að lögin yrðu virt eins og þau standa. Annars hefði tímaramminn verið lengri. Undanþágur eiga að vera undanþágur, ekki regla. Því skýtur skökku við þegar meirihluti fyrirtækja í eigu bankanna er undanþeginn reglunni.

Sú staða sem er uppi skapar tortryggni í garð bankanna. Tortryggni sem þeir hafa illa efni á. Í síðustu birtu könnun MMR um traust til bankakerfisins kom fram að einungis 5,9% aðspurðra báru mikið traust til þess. Rúmlega 75% treystu því lítið. Þetta traust mun ekki aukast af sjálfu sér. Bankarnir þurfa að vinna sér inn fyrir því. Góð byrjun væri að starfa í anda þeirra laga sem gilda um starfsemi þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

VITAMINDAGAR

20% afsláttur af Biomega vítamínum



Lyfjaval
APÓTEK

FRÁ DEGI TIL DAGS

Litla Ísland

Alþingi óskaði á dögunum eftir því við Ríkisendurskoðun að hún gerði úttekt á arðsemi Vaðlaheiðarganga. Þeirri umleitan var hafnað, sem er einsdæmi í seinni tíð. Rökin voru tvenn: Annars vegar að það væri ekki hlutverk stofnunarinnar. Það hljómar furðulega en kann að standast skoðun. Hin rökin eru merkilegri. Þau eru að Sveinn Arason ríkisendurskoðandi sé hvort eð er vanhæfur til að ráðast í slíka úttekt vegna mægða við Kristján L. Möller, sem öðrum fremur vill grafa göng um Ísland.

Möllersáhrifin

Nú mætti ætla að mat á arðsemi ganga væri reikningsdæmi sem talnaglöggir embættismenn gætu leyst sémilega hratt og vel án þess að skoðanir Kristjáns Möller hefðu áhrif á niðurstöðurnar. En Sveinn er ekki sannfærður og biðst því undan verkinu. Það hlýtur að teljast til eftirbreytni. Til þessa hafa Íslendingar nefnilega sjaldnast talið það eftir sér að vasast í verkefnum sinna nánustu ættingja.

Ha?

Tvívintustu skilaboð helgarinnar bárust frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, sem féll með slíkri sæmd í formannskjöri á landsfundi Sjálfstæðisflokksins að hún vissi ekki í hvorn fótinn hún átti að stíga á eftir. Og þá er best að stíga bara í þá báða. Nánast í sömu andrá og hún lýsti því yfir að sjálfstæðismenn ættu að fylkja sér á bak við endurkjörinn Bjarna Benediktsson áréttaði hún þá skoðun sína að skipta hefði þurft um forystu í flokknum. Hver segir svo að ekki verði bæði sleppt og haldið?



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Hagsmunir bæjarfulltrúa skráðir opinberlega

Stjórnsmál



Eysteinn Eyjólfsson
bæjarfulltrúi

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ leggja fyrir reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ og trúnaðarstörfum þeirra fyrir bæjarstjórnarfund þriðjudaginn 22. nóvember. Bæjarstjórn setti sér síðareglur á síðasta fundi eins og gert hefur verið í nokkrum sveitarfélögum og nú leggjum við til í rökréttu framhaldi að bæjarfulltrúar Reykjanesbæjar, fyrstir bæjarfulltrúa á Íslandi, skrái hagsmuni sína fyrir opnum tjöldum á vefsíðu sveitarfélagsins.

Reglurnar um hagsmunaskráningu taka mið af reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings sem voru samþykktar vorið 2009. Samkvæmt reglunum skulu bæjarfulltrúar m.a. skrá launaða starfsemi aðra en setu í bæjarstjórn, skrá launaða stjórnsetu sem kosið er til að af bæjarstjórn, skrá launaða stjórnsetu í einkareknum eða opinberum félögum og gera grein

fyrir fjárhagslegum stuðningi, gjöfum, utanlandsferðum og eftirgjöfum eftirstöðva skulda. Þá skulu bæjarfulltrúar skrá upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög - óháð því hvort þessi störf eru launuð eða ekki.

Skráning þessi er ætluð íbúum og kjósendum í Reykjanesbæ til upplýsingar og til þess að auka gagnsæi í störfum bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Það er ein af grundvallarreglum í stjórnsmálum lýðræðisríkja að kjörnir fulltrúar taka ákvarðanir um hvaða hagsmuni eigi að taka fram yfir aðra, hvernig eigi að forgangsraða. Þess vegna er mikilvægt að kjósendur hafi upplýsingar um það hvar hagsmunir bæjarfulltrúa liggja, sérstaklega þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir á erfiðum tímum eins nú í bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Bæjarbúum og öðrum áhugamönnum um betri stjórnsmál er bent á að kynna sér reglurnar á xsreykjanesbaer.is.

Aldur og atgervi

Í DAG

Jónína
Michaelsdóttir
blaðamaður



Það var gaman að sjá myndina um Thorsarana í sjónvarpinu, ekki síst myndir frá löngu liðnum tíma. Ævisaga hins merka brautryðjanda Thors Jensen, skrásett af Valtý Stefánssyni, kom út árið 1955, var mikið lesin. Það munaði mikið um þennan mann sem virðist bæði hafa verið hugmyndaríkur og traustur athafnamaður og góð manneskja. Hann hugsaði hátt og gafst ekki upp í lægðunum. Þegar ég las bókina í fyrsta skipti á unglingsárunum staldraði ég við eftirfarandi setningar: „Eftir að ég hafði fest kaup á Korpúlfsstöðum, fór ég að hugleiða að þarna kynni að vera

verkefni fyrir mig. Ég var ekki nema sextugur maður.“ Enginn sem ég þekkti á þessum árum og jafnan síðan hefur tekið svona til orða: „Ég er ekki nema sextugur maður!“ Það væri þá helst á allra síðustu árum, því að í dag geta bæði sextugir og sjö-tugir byrjað á nýju og spennandi verkefni, ef hugmyndaflugði er virkjað og heilsan er í góðu lagi.

Bjart og svart

Til er fólk sem virðist alltaf vera geislandi glatt, alltaf til í að prófa eitthvað nýtt, lítur aldrei á neitt sem fyrirhöfn eða vesen. Munar ekkert um viðvik hér og þar. Þetta fólk auðgar auðvitað umhverfi sitt og þegar árin færast yfir það breytist vitundin ekkert. Æskugleðin og þrótturinn vikur aldrei frá þeim. Svo eru aðrir sem lokast inni í þröngsýni og hafa jafnan augun á því sem er að. Taka sjálfa sig óþarflega hátiðlega, og leyfa hvers kyns fordómum að dafna innra með

sér. Þetta fólk verður gjarnan gamalt á vissan hátt þó að það sé ungt að árum. Aldur er sem sé ekki bara spurning um ár. Samt erum við býsna bundin af þessu fyrirbæri: Aldrunum.

Ramminn

Á sama hátt og við höfum breyst úr einstaklingum með nafn og föðurnafn í kennitölur, erum við hvert í sínu hólf. Börnin verja deginum innan girðingar í umsjá leikskólakennara þangað til þau fara í skóla og síðar framhaldsskóla. Svo kemur hjónaband og

atvinnulíf, þangað til þau ná eftirlaunaaldri. Þá eru þau orðin eldri Íslendingar og flytja gjarnan í húsakynni með öðrum slíkum. Sumir líta svo á, að þar með sé þetta fólk komið á hliðarlínuna, og ekki lengur virkir aðilar í samfélaginu. Þeim er frjálst að hafa þá skoðun, en það er ekki í lagi ef 67 og eldri láta það hafa áhrif á sig og fara að trúa því sjálfir.

Góður vinur minn tók á sínum tíma við virtu, en litlu fyrirtæki í Reykjavík. Hann var á margan hátt á undan sinni samtíð og tók

upp nýjungar sem vöktu athygli og virðingu. Nokkrum mánuðum eftir að hann fór á eftirlaun var honum boðið í teiti á þessum vinnustað sem nú var í höndunum á ungum mönnum. Tveir þeirra voru að ræða um fyrirtækið við hann og töluðu eins og hann vissi ekkert um það. Þegar þekking hans á fyrirtækinu kom fram í samtalinu horfðu ungu mennirnir steinhissa og glaðlega á hann. „Sko þig!“

Í samfélagi sem er að búa til aldursstéttarskiptingu, verða svona óvitar til.

„varð ekki birt“

Menning

Hannes
Hólmsteinn
Gissurarson
höfundur Íslenskra
kommúnista 1918-1998



Daðason 1961 opinberlega flóttamanninn Tibor Merlay, sem hingað kom til að segja frá kúgun kommúnista í Ungverjalandi.

Í fimmta lagi hafnaði Sigfús Daðason 1963 ritgerðum Arnórs Hannibalssonar í Tímarit Máls og menningar um kúgun kommúnista í Ráðstjórnarríkjunum og þjónkun íslenskra kommúnista við Kremlverja. Í sjötta lagi neitaði Sigfús Daðason að segja neitt opinberlega 1963 um uppgjör Halldórs K. Laxness við kommúnismann í Skálda-tíma, þótt Morgunblaðið leitaði eftir því.

Á sama tíma birti Jón úr Vör magnað kvæði gegn kúgun Kremlverja, „Lítill frétt í blaðinu“.

Ekkja Sigfúsar Daðasonar segir síðan í grein sinni frá því, sem ég vissi raunar fullvel fyrir, að til er handrit að grein eftir Sigfús, þar sem hann andmælir innrás Kremlverja í Tékkóslóvakíu 1968. Á greinina var skrifað „varð ekki birt“. Með þessu staðfestir ekkjan mál mitt, svo að ekki þarf frekar vitnanna við. Sigfús Daðason treysti sér ekki til þess, þótt hann væri ritstjóri Tímarits Máls og menningar, að birta grein eftir sig um innrásina 1968 gegn vilja annarra ráðamanna Máls og menningar.

Það var einmitt gegn slíkri þögn og slíkri þöggun, sem ég samdi bók mína. Grein Guðnýjar Ýrar er frekari staðfesting á því, hversu nauðsynlegt var að ráðast í það verk. Sem betur fer þurfti ekki að skrifa á handritið að bók minni „varð ekki birt“.

Guðný Ýr Jónsdóttir, ekkja Sigfúsar Daðasonar, mótmælir hér í Fréttablaðinu 19. nóvember því, sem ég segi um Sigfús í nýrri bók minni, Íslenskum kommúnistum 1918–1998. Þar ber ég í lokakafli stuttlega saman Jón úr Vör, sem mótmælti ofbeldisverkum Kremlverja í lok sjötta áratugar, og Sigfús Daðason, sem gerði það ekki. Guðný Ýr kvartar undan því, að ég vitni ekki í heimildir. Það geri ég fyrr í bókinni, enda er þessi umsögn í lokakaflanum aðeins upprifjun á því og tilvísun til þess.

Ég átti sérstaklega við nokkur atriði, sem nefnd eru í bókinni og Guðný Ýr getur því miður ekki um.

Í fyrsta lagi var Sigfús Daðason þá ritstjóri Tímarits Máls og menningar, sem flutti lesendum sínum lof eitt um kommúnistaríkin.

Í öðru lagi starfaði Sigfús Daðason þá hjá bókafélaginu Máli og menningu, sem Kremlverjar héldu beinlínis uppi með fjárstyrkjum, enda var það þeim hliðhollt.

Í þriðja lagi réðst Sigfús Daðason harkalega 1959 á bók Borísar Pasternaks, Sívago lækni, eins og áróðursmenn Kremlverja gerðu þá um allan heim.

Í fjórða lagi gagnrýndi Sigfús

AUÐVELDAR VÉLINNI AÐ VIÐHALDA

GETU OG AFKÖSTUM



Að hefja töku lífeyris – fræðslufundir

Lífeyrissjóður verzlunarmanna býður sjóðfélögum sínum til fræðslufunda í nóvember og desember undir yfirskriftinni „Að hefja töku lífeyris“. Sérfræðingar Lífeyrissjóðsins fjalla um réttindi lífeyrisþega og hverju þarf að huga að þegar kemur að töku lífeyris. Starfsfólk Tryggingastofnunar fer yfir helstu núgildandi reglur um réttindi og greiðslur lífeyrisþega.

Haldnir verða tveir fundir á **Hilton Reykjavík Nordica**

- » 29. nóvember kl. 17:30–19:00
- » 6. desember kl. 17:30–19:00

Vinsamlegast skráið þátttöku með tölvupósti á netfangið skrifstofa@live.is eða hringið í síma 580 4000.

LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA



Viltu nota milljarð?

Heilbrigðismál

Sigurður Benediktsson
formaður TFÍ



Á síðustu árum hafa ekki verið nýttar um 1.200 milljónir króna til tannlækninga, fjármunir sem alþingismenn hafa ákveðið að skuli nýttir til að greiða niður tannlæknaþjónustu í landinu. Í stað þess hefur viðmiðunargjaldskrá ráðherra staðið óbreytt í nánast áratug og því ekki farið að vilja alþingismanna. Kemur í ljós þegar skoðaðar eru opinberar tölur að útgjöld ríkisins til tannlækninga hafa aðeins hækkað um 2% á 19 ára tímabili, frá árinu 1991 til ársins 2010. Á meðan hefur verðlag hækkað um 134%. Um þetta er ekki deilt.

Nú stígur velferðarráðherra fram og ætlar að skera niður fjárveitingu í stað þess að hækka einfaldlega ráðherragjaldskrána og þannig nýta þessa fjármuni barnafjölskyldum til hagsbóta. Nei, það er víst ekki hægt vegna þess að

samningar nást ekki við tannlækna og því komin allt í einu fullkomin afsökun fyrir því að hafa ekki nýtt lögbundið fé í mörg undanfarin ár.

Tannlæknar eru ekki að fara fram á launahækkanir í þessu sambandi því gjaldskrá þeirra er frjáls og keppa þeir sín á milli í verði og þjónustu. Því er alveg fráleitt að koma stjórnvaldsákvörðun um skerðingu fjármuna yfir á tannlækna. Hvort heldur ráðherra ákveði að hækka endurgreiðsluskrána um 50%, 70% eða 100%, hefði það ekki áhrif á laun tannlæknisins. Það myndi einfaldlega auka niðurgreiðslu tannlækna-reikninga t.d. barna sem þessu næmi.

Tannlæknir hefur eina gildandi gjaldskrá fyrir alla sína viðskiptavini og á t.d. niðurgreiðsla ríkisins fyrir tryggða sjúklinga ekki að hafa áhrif á verðlagningu tannlæknis á tannlækniþjónustu sem hann vinnur á ótryggðum viðskiptavini. Kannanir hafa raunar sýnt að hækkanir raunútgjalda heimilanna var minnst í tannlækniþjónustunni af allri heilbrigðisþjónustu á landinu sem heimilin sækja.

Ef ráðherra vill semja um fasta

verðskrá fyrir tannlækniþjónu er nauðsynlegt að sú verðskrá endurspegli raunkostnað þjónustunnar og er 70% hækkanir ráðherragjaldskrár, eins og ráðherra býður, alls ekki nægjanleg að mati tannlækna til að reka tannlæknaþjónu. Raunar hafa tannlæknar margsinnis boðið yfirvöldum að óháður aðili fari yfir kostnað við rekstur tannlæknaþjónu en því hefur alltaf verið hafnað af hálfu yfirvalda.

hins vegar þannig til að á Íslandi er töluvert um tannskemmdir, líklega vegna óheyrilegrar sykurneyslu og vegna þess að forvarnir eru ekki í fyrirrúmi. Því hafa verkefni verið mikil fyrir tannlækna undanfarin ár og þeir því unnið mjög langa vinnudaga og tekið stutt neyslulhél. Reyndar er það svo að tannlæknar mega ekki hafa samræmda gjaldskrá skv. samkeppnislögum og þyrfti að skera úr um það með

skoðun og hefur tannlæknum fundist heilbrigðisyfirvöld og embættismenn einbeita sér að því að skjóta sendiboðann frekar en að ræða raunverulegar lausnir og sýna í verki vilja til að snúa við þessari óheillabróun.

En tannheilsa er hins vegar á ábyrgð einstaklingsins og bera forældrar ábyrgð á tannheilsu barna sinna og neysluvenjum. Ekki er hægt að líta á það sem sjálfgefinn hlutur að skattþeningum sé varið í sjúkdóma sem eru algerlega fyrirbyggjanlegir eins og tannskemmdir svo sannarlega eru. Því þurfa heilbrigðisyfirvöld að hafa þá framtíðarsýn að tryggja þegnum landsins góða tannheilsu, sem myndi spara gífurlegar fjárhæðir til lengri tíma litid.

Tannlæknafélagið lauk á síðasta ári við stefnumótun um bætt tannheilsu barna og unglunga og hefur þessi vinna verið kynnt yfirvöldum. Þar eru góðar tillögur um hvernig hægt væri að bæta tannheilsu íslenskra barna ásamt forgangsröðun í áhættuhópa þannig að fjármunir nýttist sem best. Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðu Tannlæknafélagsins, www.tanni.is



Hvort heldur ráðherra ákveði að hækka endurgreiðsluskrána um 50%, 70% eða 100% hefði það ekki áhrif á laun tannlæknisins.

Ef samkomulag næðist um fasta gjaldskrá yrði að vísitölutengja a.m.k. kostnaðarluta rekstursins, en hann er um tveir þriðju hlutar innkomu tannlæknaþjónu. Þriðji hluti er launahluti tannlækna. Ef kostnaðarluti fylgir ekki verðlagi er ljóst að laun tannlækna myndu lækka sem því nemur og gæti tannlæknirinn því ekki fylgt launavísitölu á Íslandi. Það vill

ótvíráðum hætti hvort samræmd gjaldskrá væri brot á þessum lögum.

Tannlæknar hafa reglulega bent á ósamræmi í heilbrigðisþjónustunni og hversu lævíslega heilbrigðisyfirvöld hafa dregið úr útgjöldum til tannlækninga miðað við aðra heilbrigðisþjónustu. Svo langt hefur þetta gengið undanfarin ár að málið þolir orðið enga



VOLVO C30 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Eigðu sviðið með svölum Volvo C30. Veldu aðra leið en þá hefðbundnu. Fetaðu þína eigin leið með hinum sportlega Volvo C30. Verð frá 4.290.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO S40 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Hagkvæmur og glæsilegur kostur þar sem öryggi, ending og lífsgildi nútímans liggja til grundvallar. Kjóstu hagkvæmni Volvo S40. Verð frá 4.490.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO V50 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Veldu Volvo V50 fyrir notagildið. Valið er auðveldara ef þú þarft að finna rétta jafnvægið milli hagkvæmni og áhugamála. Volvo V50 er notadrygður bíll, hentugur fyrir fjölskylduna. Náðu jafnvægi. Verð frá 4.690.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO S60 DÍSIL

Notar aðeins 3,9 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo S60 sannar vitsmunalega tilvist okkar. Volvo S60 er skilgreining okkar á heiminum eins og við þekkjum hann. Endurreiknaðu líf þitt. Verð frá 5.690.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO V60 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo V60 stendur vörð um líf þitt. Mættu grunnþörfum fjölskyldunnar með öryggi Volvo V60. Mættu ítrustu kröfum þínum um lúxus með hátækni og munaði. Verð frá 5.990.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO S80 DÍSIL

Notar aðeins 4,0 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Öryggi, munaður og þægindi ná nýjum hæðum í Volvo S80. Endurskilgreindu gæði í þínum huga með nýjum Volvo S80. Verð frá 5.990.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.

Reiknaðu

Komdu í Brimborg í dag milli kl. 9 og 17

VOLVO. BARA FYRIR SKYNSAMT FÓLK.

Hugleiddu hvað rúmast í þínu lífi. Frelsi, fjölskylda, félagar, fríttími, ferðalög, friður, þægindi, lúxus, traust, fjárhagslegt svigrúm. Öryggi! Veldu bíl sem er leiðandi í öryggi. Veldu bíl sem er hagkvæmur í heild sinni. Veldu sparnað. Reiknaðu dæmið. Reiknaðu með Volvo í þínu lífi. Hafðu ráð á að lifa lífinu. Lifðu í öryggi. Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus. Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

Volvo S60 er sigurvegarinn í flokki stærri fólksbílanna í vali á Bíl ársins 2012



Athugasemd til Hannesar Hólmsteins

Menning

Þorsteinn frá Hamri
rithöfundur



Ég minnst þess frá yngri árum að menn voru stundum að yrkja grín og glens, hver við annan og hver um annan, gerðu sér gaman af og voru ekkert að erfa það í sinn hóp. Ætíð hafa þó verið til menn sem snerust öndverðir við svo alþýðlegri gamansemi og nýttu hana til heiftar og rangtúlkana ef þeim bauð svo við að horfa.

Af þessum toga var spunninn einkar ómerkilegur hálfkæringis-kveðskapur í gömlum stíl, sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson gerir að heimspólítísku umfjöllunarefni í nýrri kommúnistabók sinni og kynnir ýmist sem háðkvæði eða skopkvæði, er ég hafi sem sérlegur „ráðstjórnarvinur“ sett saman til niðrunar Jóni Óskari skáldi.

Ekki man ég lengur hvernig eða í hverskonar gantaskap umræddar bögur mínar rötuðu á síður

Þjóðviljans 1964, en tek fúslega fram að í þetta sinn leyndist raunar ákveðin alvara að baki skensinu. Okkur strákum og stelpum, sem af misgóðum efnum vorum þá að myndast við að láta sem bókleg iðja kæmi okkur við, þótti ætíð nóg um hve oft og lengi úthlutunarnefnd listamannalauna lét sér sæma að vanmeta og sniðganga góðskáldið Jón Óskar, sem þá bjó oft við þröngan hag; af nefndarinnar

lágkúrlegt verðleikamat. Þessi var ályktun mín og margra annarra í þá daga, og menn geta ýmislega velt því fyrir sér, með hliðsjón af ríkjandi aldarfari, hvað kunni að hafa verið hæft í henni. Svo mikið er víst að samsetningur minn var ekki „háðkvæði um Jón Óskar“. Skeytunum, svo óbjörguleg sem þau annars voru, var umfram allt beint að úthlutunarnefnd listamannalauna, sem

oft úr sálum: „Hér máttu, sál mín, sanna“ og því um líkt.

Langt er um liðið, og með naumindum að maður kannist við sjálfan sig í slíku þófi og þrefi, sem kannski er fyrst og fremst talandi vitni um hraklega aðbúð rithöfundar á þessum árum. En alla tíð, bæði fyrr og síðar en þetta var, fór vel á með okkur Jóni Óskari, við áttum saman notalegar stundir, kynni mín af honum voru frjó og fræðandi, okkar á milli ríkti hlýja og velvild. Ég mótmæli því harðlega að umrætt vísnaðklatur sé dregið fram sem falsvitni um skipti mín við þann vammlaus og góða dreng. Ég hef ekkert unnið til þess að nefndur prófessor við Háskóla Íslands geri mér upp kala í garð einstakra samferðamanna minna, lífs eða liðinna.

Prófessorinn Hannes Hólmsteinn skrifar talsvert og les líka heilmikið. Það er fallett. Að lesa og skrifa list er góð. En ákjósanleg er einnig sú list að hreinsa skólplóttískrar áráttuhegðunar út úr hausnum á sér þegar farið er hug og höndum um verk eftir aðra...

” Að lesa og skrifa er list er góð. En ákjósanleg er einnig sú list að hreinsa skólplóttískrar áráttuhegðunar út úr hausnum á sér þegar farið er hug og höndum um verk eftir aðra... ”

hálfu naut hann smánarlauna, lítilla eða engra – unz skyndilega skipti um, þegar út kom frá hans hendi gagnrýn og vafalaust makleg meðhöndlun á Sovét, sem að þeirrar tíðar hætti gat virzt brúklegr í hanaslag kalda stríðsins.

Miðað við listatök þessa ágæta ljóðskálds þótti okkur viðbrögð nefndarinnar afhjúpa fremur

sjaldnast naut friðsældar um þær mundir fremur en endranær.

Þetta skynjuðu og skildu flestir sem töldust vera þokkalega læsir; og örugglega allir sem einhvern tíma höfðu kynnt sér gaman og alvöru í kveðskap af þessu tagi, þar sem saman fara stundum þjagad rím, hæpnar áherzslur, kringilyrði, ýkjur og staðnað orðaprájál,

AF NETINU

Disney í Skálholti?

Í Skálholti er stundað margþætt kirkjulegt starf sem verður vonandi með vaxandi blóma í framtíðinni þótt nú virðist blása á móti. Þangað leita margir til að njóta kyrrðar og næðist á sögufrægum stað. Í Skálholti er líka stöðugur straumur ferðamanna bæði á eigin vegum og í skipulegum ferðum á vegum ferðabjónustunnar. Rúturnar sem þangað koma dag hvern eru ótrúlega margar. Stundum rekast hagsmunir þessara tveggja hópa á: Þátttakendur í kirkjustarfi, t.d. á kyrrðardögum, vilja vera í friði. Ferðamenn á hinn bóginn þarfnast meiri þjónustu. Sé viðskiptahugmyndin eins góð og af er látið er ljóst að þessi árekstur verður enn tilfinnanlegri í framtíðinni. Verði af byggingunni og lánist hún verulega vel vaknar spurningin: Mun kirkjumíðstöðin í Skálholti vikja fyrir ferðamannastaðnum? Óskar þess einhver í alvöru? Lánist byggingin hins vegar illa gæti kirkjumíðstöðin drukknad í einhvers konar íslenski útgáfu af Disneylandi.

http://www.pressan.is/pressu-pennar/Lesa_HjaltiHugason/Hjalti_Hugason



VOLVO V70 DÍ SIL



VOLVO XC70 DÍ SIL



VOLVO XC60 DÍ SIL



VOLVO XC90 DÍ SIL



Volvo. For life.

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Upplifðu þægindi og munað. Volvo V70 er einn þægilegasti bill sem fæst. Sjáðu hvað herragarðsvagninn gerir fyrir þig. Verð frá 6.190.000 kr.

Fritt í bílastæði í Reykjavík.

Notar aðeins 5,7 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Áttu erfitt með að velja málamiðlun? Söðlaðu um. Vertu hvoru tveggja með Volvo XC70 AWD. Verð frá 8.890.000 kr.

Notar aðeins 5,6 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Það fer ekki á milli mála að hér er ekta Volvo á ferð. Kjóstu einstakan sportjeppa og finndu fyrir sterkri nærveru Volvo XC60 AWD. Verð frá 8.490.000 kr.

Notar aðeins 6,8 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo XC90 AWD er birtingarmynd heilbrigðrar hugsunar og áratuga rannsókna á öryggi og yfirburðatækni. Veldu heilbrigði. Verð frá 10.990.000 kr.

Skoðuðu úrval sparneytinnna dísilbíla frá Volvo. Veldu Volvo og lágmarks losun CO2. Veldu Volvo og lágmarks eldsneytisnotkun. Berðu saman verð og búnað Volvo við aðra lúxusbíla. Veldu nýjan Volvo sem fær frítt í stæði. Veldu Volvo R-Design, sportútfærslu. Sérpantaðu nýjan Volvo eins og þú vilt hafa hann. Spyrdðu um framlengda verksmíðjuábyrgð í allt að 5 ár. Öryggi er lúxus. Lífu í lúxus. Veldu Volvo.



Nýr Volvo S60 er vitsmunaleg leið til að tækla spennu og gleði, af öryggi.

Verð frá 5.690.000 kr.



uggur staður til að vera á



JOHN F. KENNEDY forseti Bandaríkjanna lést þennan dag (1917-1963).

„Það stoppar enginn þann sem er nógu brjáláður að vilja drepa forseta Bandaríkjanna, en á móti verður sá sami að vera tilbúinn til að gefa sitt líf í skiptum fyrir líf forsetans.“

MERKISATBURÐIR

- 1907** Giftar konur í Reykjavík fá kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna og nýta sér hann nokkrum mánuðum seinna.
- 1907** Vegalög staðfest. Þá var ákveðið að hér á landi skyldi vera vinstri umferð. Það var einkum gert vegna ríðandi kvenfólks sem notaði söðla og sat með báða fætur á vinstri síðu hestsins.
- 1963** John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, er myrtur í Dallas í Texas.
- 1979** Börn sjá um meginhluta dagskrár Ríkisútvarpsins í tilefni af ári barnsins.
- 1986** Fyrsti lottómiðinn keyptur í Reykjavík af Steingrími Hermannssyni, þáverandi forsætisráðherra.
- 1995** Kvikmyndin Leikfangasaga er fyrst mynda í fullri lengd sem notast eingöngu við tölvugerðar sögupersónur.
- 2005** Angela Merkel kjörin fyrsti kvenkyns kanslari Þýskalands.

AFMÆLI



EDDA ARNLIÓTSDÓTTIR leikkona er 47 ára.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR alþingismaður er 46 ára.



INGVAR E. SIGURÐSSON leikari er 48 ára.



HÖRÐUR ÁSKELSSON tónlistarmaður er 58 ára.

ÞETTA GERÐIST: 22. NÓVEMBER 1975

Jóhann Karl I útnefndur konungur

Jóhann Karl I varð núverandi Spánarkonungur eftir að einræðisherrann Francisco Franco féll frá. Hann er sonur Don Juan de Borbón, sonar Alfonsós XIII Spánarkonungs, og Maríu Mercedes af Bourbon-Orleans.

Tveimur dögum eftir dauða Francos, 20. nóvember 1975, var Jóhann Karl útnefndur konungur samkvæmt lögum um erfðaröð. Spánn hafði ekki haft konung í 38 ár þegar Franco útnefndi hann sem næsta ráðamann þjóðarinnar 1969. Spænska stjórnarskráin staðfesti Jóhann Karl sem konung

1978 og þar segir að hlutverk konungs sé að vera ímynd þjóðarinnar, tákn um samheldni hennar og stöðugleika og auk þess æðsti yfirmaður spænska herafllans.

Jóhann Karl stjórnaði farsælega umbreytingu Spánar frá einræði til þingræðislegs lýðræðis. Hann kvæntist Soffíu prinsessu af Grikklandi og Danmörku 1962. Þau eiga saman tvær dætur og son og átta barnabörn. Fjölskyldan nýtur vinsælda meðal Spánverja og var Jóhann Karl kjörinn vinsælasti þjóðhöfðingi Íberíu-Ameríku-þjóða 2008.



GÖÐUR MÁLSTAÐUR Vilborg Aldís Ragnarsdóttir og Hafdis Heiðarsdóttir hefja í dag kynningarátakið Pakki á pakka til styrktar Fjölskylduhjálps Íslands.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

PAKKI Á PAKKA HEFST Í DAG: TIL STYRKTAR FJÖLSKYLDUHJÁLPS ÍSLANDS Í ÁR

Jólatré handa öllum börnum

„Jólatré í sínu heillandi látleysi er fegursta jólaskrautið og þótt lítil aur sé í buddunni til að skreyta hýbýlin hátt og lágt er jólatré eitt og sér ómissandi yfir hátíðarnar og ætti að vera öllum börnum falt til sannrar jólagleði,“ segja hönnuðirnir Hafdis Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir, en í dag hefja þær kynningarátakið Pakki á pakka annað árið í röð, og nú til styrktar Fjölskylduhjálps Íslands.

„Við stofnuðum fyrirtæki okkar Arca Design í upphafi kreppunnar, þegar okkur sjálfar vantaði vinnu. Viðtökurnar urðu strax svo góðar að við vildum leyfa sem flestum að njóta með okkur og láta þannig gott af okkur leiða þegar leið að jólum í fyrra,“ útskýrir Hafdis um áhrif hins sanna jólaanda sem greip þær stöllur þegar þær hrundu af stað áttakinu Pakki á pakka til styrktar Mæðrastyrksnefnd í jólamánuðinum í fyrra.

„Pakki á pakka er órói úr plexigleri, sérmerktur jólum hvers árs og mismunandi á milli ára. Fyrir jólin nú varð íslenska jólatréð fyrir valinu í mynstri og kostar stykkið 500 krónur, sem er sama verð og í fyrra,“ segir Vilborg um óróann sem hefur snert streng í hjörtum gjafmildra Íslendinga og hlaut strax verðskuldaðar viðtökur.

Óróinn er ýmist notaður til skreytingar á jólapakka eða á jólatré.

„Við ákváðum að sala á jólaóranum nú rynni óskipt til Fjölskylduhjálps Íslands, eftir að hafa setið fund með Ásgerði Jónu Flosadóttur formanni hennar. Ásgerður afhenti okkur skýrslu Völu Jónsdóttur, verkefnastjóra Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, með sláandi niðurstöðum um hversu margir þurfa í raun og veru á hjálp að halda og hversu mikilvægt er að sem flestir rétti hjálparhönd,“ segir

Vilborg sem ásamt Hafdís hefur áttakið í húsnæði Fjölskylduhjálps Íslands í dag.

„Viðtökurnar nú eru strax mjög góðar og mörg fyrirtæki sem hafa þegar pantað óróann til jólagjafa og styrkja með því þarft málefni. Óróinn er einnig fallegur söfnunargripur og margir sem keyptu óróa í fyrra sem koma aftur nú til að bæta við í safnið eða setja aftur á jólapakkana. Pakki á pakka er enda lítil og sæt gjöf með kærleikshugsun að baki og fólk þykir góð tilhugsun að vita til þess að ágóði sölnunnar renni óskiptur til málefnsins,“ segir Hafdis.

Jólaóránn vinna þær Hafdis og Vilborg í félagi við samstarfsaðila sinn Lógóflex sem leggur til efni og útskurð á Pakka á pakka. Óróinn fæst í Arca Studio í Grímsbæ. Sjá heimasíðuna arca.is og Facebook-síðu, undir Arca Studio. thordis@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Eðvaldína Magney Kristjánsdóttir

frá Glerárskógum, Dvergabakka 4,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 15. nóvember síðastliðinn, verður jarðsungen frá Hvammskirkju í Dalabyggð laugardaginn 26. nóvember kl. 14.00.

Rútuferð verður frá Umferðarmiðstöðinni kl. 10.00. Sætapantanir í s. 862-0546.

Björk Magnúsdóttir
Bjarnheiður Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Viðar G. Waage
Steinar T. Karlsson



TILBOÐSDAGAR

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember.

MOSAÍK

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þorgerður Magnúsdóttir

Vallargötu 19, Sandgerði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi laugardaginn 19. nóvember. Útförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn 25. nóvember kl. 14.00.

Magnús Ó. Ingvarsson
Einar V. Ingvarsson
Ævar Örn Einarsson
Agnar Þór Magnússon
Þorgerður Magnúsdóttir
og barnabarnabörn.

Ingibjörg Ágústa Guðnadóttir
Sigrún J. Ólafsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Finnbogason

Íslenskufæðingur,
Miklubraut 52,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 14. nóvember. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 23. nóvember kl. 13.

Einar Arnalds Jónasson
Ari Jónasson
Elín Lilja Jónasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Arnalds
Maria Louise Wind
Hildur Jónsdóttir
Egill Pálsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn standa fyrir fyrirlestraröðinni Lýðheilsa – fyrr og nú í sal Þjóðminjasafnsins á fimmtudag frá klukkan 12 til 13.15. Litið verður um öxl og og skyggst í heimildir um mataræði og tengsl næringar og heilsu á síðustu öld.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

JÓLANÆRFÖTIN NÝKOMIN.



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opíð mán.-fös. 10-18.

Opíð á laugardögum 10-14.

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Vertu vinur

teg LUNA - í A B C D skálum á kr. 7.680,-

Valgeir Viðarsson sjúkraþjálfari fann leið til að vera í klefa með meistaraflokkum.



Valsaði um hjá New York Knicks

Valgeir nýtir þetta tæki, sem heitir Corex, mikið í þjálfuninni enda ekki ómerkari menn en Owen Hargreaves, fótboltamaður hjá Manchester City, á meðal þeirra sem lofsyngja það.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta byrjaði með því að ég fór sem nuddari til Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni 2003," segir Valgeir Viðarsson sjúkraþjálfari sem hefur sérhæft sig í sjúkraþjálfun íþróttamanna. „Ég var hjá þeim í fimm vikur sem hluti af læknameyminu og sjúkraþjálfurunum og kynntist þá meðal annars enskum sjúkraþjálfara sem ég hef haldið sambandi við síðan. Síðastliðið vor komst ég svo að því að hann er að vinna hjá New York Knicks og ég fékk leyfi til að heimsækja hann, bæði í vor og

svo aftur í haust. Með honum fékk ég að valsa um alla æfingaádstöðu Knicks og fylgjast með því sem hann er að gera þarna. Í vor fékk ég að hitta nokkrar af stjörnum liðsins en í haust hittist þannig á að samningarnir hjá NBA-liðunum voru lausir og leikmönnum því bannað að æfa. En þetta var mjög skemmtilegt og fróðlegt og ég lærði alveg helling.“

Valgeir vinnur sem sjúkraþjálfari hjá Atlas endurhæfingu og sérstakt áhugamál hans er sjúkraþjálfun íþróttamanna, ekki síst fyrirbyggjandi æfingar.

„Við bjóðum upp á ástandsskoðun íþróttamanna þar sem metnir eru áhættuþættir á mögulegum meiðslum og bent á fyrirbyggjandi æfingar til að styrkja veiku punktana. Bolton var til dæmis með gamlan leikmannahóp þegar ég var hjá félaginu, en við unnum út frá þessu og það var áberandi hversu lítið var um meiðsli hjá þeim.“

Ertu í íþróttum sjálfur? „Ég var í hópiþróttum þegar ég var yngri en það má segja að sjúkraþjálfunin sé mín leið til að fá að vera inni í búningklefunum með meistaraflokkunum.“ *fridrikab@frettabladid.is*



Eirberg

Mediflow heilsukoddinn

Einstakur heilsukoddi með mjúku yfirlagi og vatnsfyllingu.

Stíllanlegur vatnspúði sem veitir fullkominn stuðning

Minnkar verki í hálsi.

Eykur svefngæði

9.750 kr.

Opíð virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Gefðu góða sið

GÆÐAFISKUR ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál



Sölustaðir:

10 - 11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnavetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verzlunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krumbúðin, Fiskubúðin Freyja, Melabúðin.



HEILSUNAMMI FYRIR RÖDDINA

islensk fjallagrós

Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lújubjálfa, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gífsloft og mikla lofthæð.



...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.





Fyrstu skrefin í átt að lífrænum og heilsusamlegum lífsstíl er umfjöllunarefni Kristínar Kristjánsdóttur í fyrirlestri á Lífræna markaðnum, Borgartúni 24 í kvöld klukkan 18. Upplýsingar um þátttökugjald og fleira eru á vefsíðunni www.lifandimarkadur.is.

Fyrir jólahlaðborðið

Ný sending af glæsilegum jólakjólum st. 36 - 48

FLASH


Laugaveg 54, sími: 552 5201

JÓLAGJÖFIN hennar og hans Verð 24.000.-

Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum

B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770



Bio effect dropar á lista hjá Vogue


ÍSLENSKU HÚÐDROPARNIR BIO EFFECT FRÁ SIF COSMETICS HAFA NÚ RATAÐ Á SÍÐUR TÍSKUTÍMARITA Í ÞÝSKALANDI EN BÆÐI VOGUE OG ELLE FJALLA UM DROPANA Í DESEMBERHEFTUM SÍNUM.

Bio effect húðdroparnir fá lofsama dóma hjá Þjóðverjum um þessar mundir en þýska Vogue birti lista yfir níu bestu nýjungar á snyrtivörumarkaðinum á árinu. Húðdroparnir eru þar númer fimm á listanum en einu sæti ofar er augnskuggi frá Chanel. Þá eru vörur frá merkjum eins og Clinique og Nivea á listanum. Þetta er í þriðja sinn sem Vogue í Þýskalandi fjallar um húðdropana en áður birtist á síðum þess viðtal við íslensku forsetafrúna, Dorrit Moussaieff, þar sem hún lofaði landið og íslenskar vörur. Þá fá droparnir lofsamlega dóma í desemberhefti þýska Elle. - rat



Íslensku húðdroparnir frá Sif Cosmetics eru númer fimm af níu bestu nýjungum í snyrtivörumarkaðinum að mati þýska Vogue.

Ófrjósemisaðgerðir 1981 - 2010




Sumum snýst hugur um síðir

Allt að fimm prósent karlanna sem farið hafa í ófrjósemisaðgerð koma aftur nokkrum árum síðar til að láta tengja sáðrásina á ný. Árangur slíkra aðgerða er ekki öruggur. Fjöldi ófrjósemisaðgerða hefur haldist nokkuð jafn síðustu áratugi en hlutfall karla miðað við konur hefur aukist mikið síðustu ár.

„Við fáum iðulega til okkar karlmenn sem hafa skipt um skoðun. Ég hugsa að það geti verið um tvö og allt upp í fimm prósent þeirra sem hafa farið í sáðrásarrof,“ segir Guðmundur Vikar Einarsson þvagfæra-skurðlæknir sem hefur framkvæmt ófár ófrjósemisaðgerðir í gegnum tíðina. Slíkar aðgerðir hafa verið nokkuð í umræðunni að undanförunu vegna ummæla Jóns Gnarrs borgarstjóra um „herraklippingar“.

Guðmundur Vikar Einarsson.



Ástæður þess að menn skipti um skoðun segir Guðmundur geta verið ýmsar. Oft hafi aðstæður manna breyst, þeir séu stundum búnir að skilja og komnir í nýtt samband sem kalli á breytingar. Guðmundur segir erfitt að nefna hve stórum hluta þessara manna sé hægt að hjálpa. „Það skiptir máli hve gamall maðurinn er, hve langt er frá aðgerðinni og hversu frjó konan hans er,“ segir hann. Því þó hægt sé að tengja saman sáðleiðarana er ekki víst að sáðfrumurnar skili sér og stundum séu þær fáar og illa syndar.

Ófrjósemisaðgerðir karla eru enda skilgreindar sem endanleg getnaðarvörn og mönnum gert það ljóst fyrir aðgerðina.

En hverjar eru helstu ástæður þess að fólk kys að fara í ófrjósemisaðgerð? „Langoftast eru þetta hjón sem búin eru að eignast þau börn sem þau vilja eignast,“ upplýsir Guðmundur. Hann segir afar sjaldgæft að til

sín komi ungt fólk þó lagalega sé fólk heimilt að fara í slíka aðgerð frá 25 ára aldri. „Þá reynir maður að útskýra vel fyrir sjúklingnum afleiðingarnar og að hann verði að líta á þetta sem endanlega getnaðarvörn,“ segir hann.

Körlum fjölgar, konum fækkar

Heildarfjöldi ófrjósemisaðgerða karla og kvenna hefur haldist tiltölulega jafn síðasta áratug. Hefur rokkað frá um 500 og upp í tæpar 800 aðgerðir. Hlutfall karla og kvenna hefur hins vegar breyst mikið. Árið 1997 voru framkvæmdar 775 aðgerðir og af þeim 641 á konum en aðeins 147 á körlum. Í fyrra var framkvæmd 571 aðgerð, þar af 162 á konum en 409 á körlum.

Guðmundi þykir líklegt að sama þróun hafi orðið í öðrum löndum, þá telur hann að ástæður þessa viðsnúnings felist helst í betra upplýsingaflæði. „Fólk á auðveldara með að afla sér upplýsinga,“ segir hann og nefnir þar sérstaklega tilkomu internetsins. Menn hafi minni fordóma og geri sér grein fyrir hversu lítil aðgerðin er í raun og veru fyrir karlmenn.

Aðgerðin er nærri 100 prósent örugg, henni tengist lítil áhætta, er ódýr og hefur ekki áhrif á kynlíf karlmansins. Aðgerðin tekur aðeins 15 til 30 mínútur, er gerð með staðdeygingu utan sjúkrahúss og maðurinn getur farið heim sama dag og í vinnu daginn eftir.

Aðgerðir kvenna eru aðeins flóknari auk þess sem konur eru lengur að jafna sig eftir þær.

Þess má geta að sjúkra-tryggingar greiða ófrjósemisaðgerðir karla og kvenna að fullu.

solveig@frettabladid.is

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Tímamantanir 534 9600
Heyrn · Hlíðasmári 11 · 201 Kópavogur · heyrn.is

Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-

ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTY OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

VÍSIR

JAFNVÆGI FYRIR LÍKAMA OG SÁL • HEILSUGJAFVÖRUR • GJAFABRÉT

HEILSU DREKINN

Kínversk heilsulind
SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS

JÓLABAKSTUR

ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓVEMBER 2011

Kynningarblað Kökur, eftirréttir, uppskriftir, leikir, ljúfar stundir og góð ráð.



Börnin tóku forskot á sæluna í Smáralindinni og skreyttu piparkökuhjörtu af miklum möð. Ekki veitir af að æfa sig fyrir piparhúsaleik Kötlu sem nú er að hefjast í sextánda sinn.

Öll fjölskyldan sameinast í piparkökuhúsaleik Kötlu

Hinn árlegi piparkökuhúsaleikur Kötlu er nú haldinn í sextánda sinn. Þátttaka í leiknum er orðin árviss jólah hefð hjá mörgum fjölskyldum, enda ekkert nema ímyndunaraflíð sem setur fólki skorður í piparkökuhúsagerðinni.

Að baka saman piparkökur eða búa til piparkökuhús er orðið hefð hjá mörgum og ómissandi þáttur í að koma fjölskyldumeðlimum í jólaskap.

Piparkökuhúsaleikur Kötlu er nú haldinn í sextánda sinn og þátttaka í leiknum er orðin jólah hefð á mörgum heimilum.

Keppt er í barna- og fullorðinsflokki og verðlaun veitt fyrir fallegustu og best gerðu húsinn. Skila þarf húsunum inn fimmtudaginn 1. desember frá kl. 17 til 19. Piparkökuhúsinn verða til sýnis í Smáralind frá 1. til 20. desember, en laugardaginn 10. desember verður tilkynnt hvaða hús fá verðlaun í ár.

Glæsilegir vinningar:

Fyrir 1. sætið í fullorðinsflokki eru ýmsir vinningar að verðmæti 55.989 kr.

Fyrir 2.-3. sæti í fullorðinsflokki eru vinningarnir að verðmæti 37.179 hvor. Vinningar í barnaflokki fyrir 1.-5. sæti eru að verðmæti 14.800 kr. hver.



Einbeitingin skín úr hverju andliti, enda til mikils að vinna að skreytingin takist vel.

MYND/VALLI

Katla
Ómissandi í jólabaksturinn

BÖKUNARDROPAR

PÚÐURSYKUR
DÖKKUR OG LJÓS

FLÓRSYKUR

LYFTIDUFT

KAKÓ

www.katla.is



Smáralind

Skiladagur piparkökuhúsanna er
1. des. kl. 17-19 í Smáralind

PIPARKÖKUHÚSALEIKUR

og jólin koma...



Taktu þátt og þitt hús gæti unnið til verðlauna Sjá nánar á

www.katla.is

Gleði og líf við baksturinn

Það er ekki aðeins ávinningur að ljúka bakstri og njóta þess að borða smákökurnar með fjölskyldunni heldur er sú stund sem maður eyðir í vinnuna, baksturinn sjálfan, ekki síður það sem gerir hann þess virði að gefa sér tíma í.

Til að byrja með skiptir öllu máli hvort tiltekinn jólabakstur eigi að fara fram með börnum eða einungis fullorðnum. Margir kjósa að eiga sérstaka stund þar sem stórfjölskyldan bakar saman, ömmur, afar, barnabörn, jafnvel móður- og föðursystkini og eiga svo aðra stund þar

sem foreldrar baka með börnum sínum. Þá getur það orðið að góðri kvöldstund að hitta vinkonur eða vini og skella í sögur yfir ljúfri jólatónlist. Til að jólabaksturinn heppnist sem best er sniðugt að undirbúa hann á fleiri vegu en að kaupa hráefnin inn og þrifa eldhúsbörðin.



STÓRFJÖLSKYLDA Í BAKSTRI:

- **Veljið** það eldhús til bakstursins sem hefur hvað mest borðpláss. Þarna skiptir stærðin ekki endilega mestu því minni eldhús eru stundum rýmri og betur skipulögð fyrir margmenni til að vinna í.
- **Ef** svuntur eru af skornum skammti á bakstursheimilinu skuluð þið muna eftir að safna fleiri saman og ekki gleyma barnastærðunum. Þær fást ódýrar á ýmsum stöðum en svo eiga margir einhverjar svuntur og hægt að biðja stórfjölskylduna um að tína saman hvað hver og einn á í skápnum.



- **Fyrir** bakstur þar sem meðlimir af öllum stærðum og gerðum eru þátttakendur er gott að velja tónlist sem fjör er í og mjög blönduð. Þannig má bæði velja lög sem eru sérstök barnajólalög og búa til lagalista sem inniheldur jólalög frá öllum tímabilum, eldri jólasmeili, með Elly Vilhjálms og Ragga Bjarna, Jólahjól Sniglabandsins og fleiri.
- **Sniðugt** er að gera eitthvað sérstakt fyrir börnin eins og



að leyfa þeim öllum að vera með jólasveinahúfur við baksturinn og ekki síður er það gott hreinlætisráð.

● **Ef** öldungurinn í hópnum treystir sér svo til, getur hann sagt yngri kynslóðum frá eldri jólum og foreldrar jafnvel deilt sínum minningum yfir bakstrinum.

● **Séu** börnin í yngri kantinum er ágætt að fá einhvern einn fullorðinn til að hafa yfirumsjón með einu til tveimur börnum, passa að þau hafi verkefni að móða úr, hjálpa til við að fletja út og skera deigið og sinna þeirra helstu þörfum meðan á bakstri stendur.

- **Ef** eldri bakarar ætla að takast á við einhverja verulega bakstursáskorun er nauðsynlegt að hafa aðrar léttari uppskriftir, þarf jafnvel ekki að vera fleiri en ein, fyrir yngstu kynslóðina og þar koma piparkökurnar sterkt inn. Munið að gera þarf piparkökudeigið með fyrirvara. Börn endast mun lengur við baksturinn ef úr fjölbreyttum formum er að velja með dýrum, jólasveinum, stjörnum og öðru slíku.
- **Ekki** hika við að gera hlé á bakstrinum þreytist krakkarnir og leyfið þeim að leika eða fara aðeins út. Þeir koma oftast endurnærðir til baka og vilja halda áfram. Það er engin ánægjustund falin í því að pressa á börnin að halda áfram.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429 og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is | s. 512 5462. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



BAKSTUR



HAGKAUP

BONUS

– eldaðu heima



Jólakossar

500 g hreint marsipan
(Odense Ren Rå Marcipan)
300 g sykur
1 dl vatn
150 g eggjahvítur
250 g dökkt súkkulaði

Marsipanbotn: Ein rúlla marsipan er skorin í 30 sneiðar, sem lagðar eru á bökunarpappír og bakaðar við 180 °C í 5–8 mín.

Fylling: 300 g sykur og 1 dl vatn er soðið saman í 2 mín. 150 g eggjahvítur eru þeyttar létt og sykurleginum bætt hægt saman við.

Þeytt með handþeytara við meðalhraða þar til stíft. Fyllingunni er sprautað í gegnum plastpoka á marsipanbotnana og síðan bakað í 5 mín. við 180 °C, eða þar til yfirborðið er stíft. Eftir kælingu eru jólakossarnir penslaðir með bræddu dökku súkkulaði.

Marsipan við öll tækifæri

Marsipan frá Odense Marsipan Fabrik í Óðinsvéum í Danmörku er þekkt um allan heim fyrir gott bragð og einstök gæði. Marsipanið er hægt að nálgast í veflestum stórmörkuðum hérlendis og hjá Ölgerðinni, sem flytur inn vörur frá Odense.

Odense Marsipan Fabrik í Óðinsvéum í Danmörku er umsvifamesti, virtasti og einn elsti marsipanframleiðandi í heimi. Ölgerðin er innflutnings-, dreifingar- og söluaðili fyrir Odense á Íslandi. Gunnar Örn Gunnarsson, vörumerkjastjóri Odense í Gnótt hjá Ölgerðinni, þekkir leyndarmálið á bak við áralanga veltengni fyrirtækisins.



Gunnar Örn Gunnarsson.

„Helsta ástæðan fyrir farsæld Odense er vitanlega sjálft marsipanið, sem vegna úrvals hráefnis og vandaðra framleiðsluáferða er engu líkt,“ upplýsir Gunnar. „Meginuppistaðan í marsipani er sykur og möndullur og hjá Odense eru möndullur í miklum meirihluta, valdar af kostgæfni frá Kaliforníu í bland við spænskar möndullur. Útkoman er gott, mjúkt og temmliga sætt marsipan en ekki beiskt eins og sumt marsipan frá öðrum framleiðendum.“

Að sögn Gunnars felst sérstæða

Odense enn fremur í umfangsmikilli framleiðslu á marsipani í bakstur. „Ástæðan er sú að Norðurlandabjóðir baka miklu meira upp úr marsipani en aðrar þjóðir og eru Íslendingar þar engin undantekning. Marsipan hefur hér lengi verið vinsælt í bakstur.“

Gunnar bendir á að auk bökunarmarsipans standist fáir framleiðendur Odense

snúning í gerð konfektmarsipans, hjúpmarsipans og fyllingarmarsipans. Þess utan sé Odense fremst í flokki í framleiðslu á núggati, að ógleymdu ljúffengu hvítu og dökku súkkulaði og rjómasúkkulaði.

Vörurnar segir Gunnar auðvelt að nálgast hérlendis. „Þær fást í veflestum stórmörkuðum auk þess sem bakarar geta snúið sér beint til Ölgerðarinnar.“ Nánari upplýsingar segir hann uppgæfnar í síma 412-8000 og á heimasíðu Ölgerðarinnar; slóðin er www.olgerdin.is.



Kókosmánar

200 g Odense kókosmarsipan
200 g brætt súkkulaði
Kókosmjöl ristað á pönnu

Skerið kókosmarsipanlengju í 10 sneiðar og hverja í hálfra sneið eftir það. Dýfið í brætt súkkulaði og stráðið smá ristudu kókosmjöli yfir.



Mozart kúlur

200 g Odense marsipan (Odense Ren Rå Marcipan)
50 g Odense núggat
150 g brætt súkkulaði

Skerið marsipanlengjuna í sneiðar og setjið smá klípu af núggati í miðju og hnoðið í kúlu. Dýfið í brætt súkkulaði og stráðið smá flórsykri yfir.



Kransakökustangir

Tilbúinn Odense kransakökumassi
100 g af bræddu súkkulaði
Dálítið af söxuðum heslihnetum og vanillusykri

Kransakökudeigi er sprautað úr pokanum í langar stangir sem bakaðar eru samkvæmt leiðbeiningum á umbúðunum. Síðan kældar og skornar í 6-8 cm búta. Endunum er dýft í bræddan hjúp, stangirnar kældar og raðað upp í stæðu eins og sýnt er á mynd.



Lítill piparkökuhús er einfalt að líma saman með glassúr og losna þannig við hættulega heita sykurbráð.

NORDICPHOTOS/GETTY

Einfaldari hús í sniðum

Piparkökuhús er gaman að búa til og skreyta. Ef ykkur vex í augum að líma saman stórt piparkökuhús er sniðugt að búa til mörg lítil. Auðveldara er að setja þau saman og tilbreyting í að skreyta lítið jólapörp.

Byrjið á að henda í piparkökudeig því það þarf að standa yfir nótt. Teiknið svo upp einfalt snið af litlu húsi og klippið út. Fletjið deigið út í um það bil 3 mm þykkt á bökunarpappír, leggið sniðið á og skerið út. Bakið við 175 gráður í 10 til 12 mínútur.

Til að líma húsið saman er hægt að nota bráðið súkkulaði eða bráðinn sykur. Einfalt er að bræða súkkulaði í vatnsbaði og sprauta því á samskeytin með kramarhúsi en það getur þurft að bíða svolítið meðan það storknar.

Sykurinn er bræddur á pönnu og sykurbráðin borin á og hliðunum haldið saman í smá stund. Sykurbráðin verður þó mjög heit svo fara þarf varlega með hana.

Ef húsin eru lítil er hægt að líma þau saman með

þykkum glassúr og losna þannig við allan hita.

Skreytið að vild.

Piparkökudeig

1,5 kg hveiti
3 dl mjólk
3 dl sykur
2 dl sýróp
100 g smjörlíki
1 og ½ msk. kanill
1 msk. matarsóði
1 msk. engifer

Bræðið saman sykur, sýróp, smjörlíki og krydd í potti, bætið mjólk út í og látið kólna. Blandið matarsóða saman við hveitið, hellið sykurlæginum út í og hnoðið vel. Geymið á köldum stað yfir nótt.

Uppskrift af uppskriftir. seia.is



Ris a la mande með kirsuberjasósu

Setjið grjónin í sjóðandi vatn í þykkbotna pott. Sjóðið í tvær mínútur og hellið svo mjólkinni saman við. Látið suðuna koma upp á ný og sjóðið grautinn undir loki við vægan hita í 45 til 50 mínútur. Hrærið af og til. Kælið og smakkið grautinn til með sykri, vanillu og hökkuðum möndlum. Hrærið þeytta rjómanum saman við.

Velgið kirsuberjasósuna frá DEN GAMLE FABRIK í potti með kanilstönginni. Takið pottinn af hitanum og fjarlægið kanilstöngina. Berið sósuna fram volga eða kalda eftir smekk.

Gott ráð!
Klæðið sex litlar skálar eða bolla að innan með plastfilmu og setið Ris a la mande jafnt í þær. Gott er að gera þetta daginn áður. Hvolfið skálunum á disk og skreytið með kirsuberjasósunni. Setjið afganginn af sósunni í skál og berið fram með réttinum.

Ekki gleyma að setja möndlu í einn bollann.



Fyrir 6

Ris a la mande

2 dl grautargrjón
1½ dl vatn
¾ lítri mjólk
2 msk sykur
Korn úr einni vanillustöng
100 gr hakkaðar möndlur
Geymið eina fyrir möndlugjöfina
2 dl þeyttur rjómi

Kirsuberjasósa frá DEN GAMLE FABRIK

1 krukka kirsuberjasósa (360 gr)
1 lítill kanilstöng



GÓÐ RÁÐ FRÁ LEIÐBEININGASTÖÐ

Mörg nýtileg

ráð er að finna á vef Leiðbeiningastöðvar heimilanna á www.leidbeiningastod.is. Þar má til dæmis finna hvernig breyta má ofnhita milli Celsius og Fahrenheit og eins hitastig fyrir gasofn.

°C:	°F:	Gas:
110	225	¼
130	250	½
140	275	1
150	300	2
170	325	3
180	350	4
190	375	5
200	400	6
220	425	7
230	455	8



Ljómaleikurinn



Skilafrestur til 19.des.

Transfitusýru fritt

Safnaðu 5 strikamerkjum af Ljóma smjörliki og þú gætir unnið matarúttekt fyrir allt að kr. 40.000.-

Safnaðu 5 strikamerkjum af Ljómasmjörliki og sendu okkur. Kjarnavörur, Miðhrauni 16 - 210 Gardabæ. Dregið verður úr innsendum umslögum þann 19.des. 2011.

Nánari upplýsingar á www.ljomi.is

1. verðlaun 40.000.- Matarúttekt
2.- 20. verðlaun 8.000.- Matarúttekt

Hollustuna í jólabaksturinn færðu hjá okkur

Hjá **LIFANDI** markaði fæst allt í jólabaksturinn.

Tilboð á lífrænum höfrum, hrásykri, spelti, dökku súkkulaði, kakói, hnetum, þurrkuðum ávöxtum, vanillu og fleiru.

Jólabakstur úr heilæmum hráefnum bragðast betur og er betri fyrir líkamann!

15%

afsláttur til 3. desember

www.lifandimarkadur.is

Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg



Sükkulaðibitar:

Helltu bitunum beint út í deigið þegar þú bakar ekta sükkulaðibitakökur. Tilvalið út á ísinn.



Suðusükkulaði:

Frábært í allan bakstur og í heitt sükkulaði með rjóma.



...mumumumumum gott!



Sükkulaðispænis dökkur og ljós:

Tilvalinn í kökur, ísrétti, eftirrætti og kaffidrykki.



Dropar:

Dropar úr ekta rjómasükkulaði eða ekta suðusükkulaði. Frábærir í allan bakstur.



Vesturvör 36 200 Kópavogi
Sími: 540 4500
www.freyja.is



ALLT VIÐ HÖNDINA

Til að léttu sér baksturinn er afar gott að undirbúa sig vel. Í fyrsta lagi ætti að lesa yfir uppskriftina áður en haldið er í verslunarferðina og skrifa niður á miða það sem vantar. Vont er að vakna upp í miðjum bakstri við að eggj eru bún.

Með því að raða öllum hráefnunum upp á borð sem á að nota verður öll vinnan mun auðveldari. Gott er að vinna sér í haginn með því að skera niður þær hnetur og möndlur sem á að nota eða annað það sem þarf að nota einhverrar vinnslu. Einnig er gott að tína til þau áhöld sem á þarf að halda. Með þessum hætti tekur enga stund að henda í eina köku eða smákökuuppskrift.

Ekki gleyma að kveikja á ofninum í tíma til að þurfa ekki að bíða eftir því að hann hitni eftir að kökudeigið er tilbúið.

Frábærar uppskriftir á gottimatinn.is

Fjöldi jólauppskrifta er að finna á Gott í matinn-vefsíðunni sem nýtur mikilla vinsælda. Þar er að finna hugmyndir að öllu mögulegu, ljúffengum jólakökum, -konfektum og mat.

Gott í matinn-uppskrifta-vefurinn fór í loftið í apríl 2009 í kjölfarið á markaðssetningu á Gott í matinn-matargerðarlínunni frá MS,“ segir Erna Erlendsdóttir, markaðsstjóri hjá MS. „Vefurinn hefur notið mikilla vinsælda og fjölga heimsókn-um stöðugt inn á síðuna. Þar má finna fjöldann allan af uppskriftum fyrir jólahátíðina, allt frá hugmyndum að jólakökunum og konfektum og til jólamatarins, svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Erna segir áhugann fyrir jólauppskriftunum á síðunni vera mikinn. „Við sjáum umferðina inn á síðuna aukast mikið þegar jólin nálgast og fólk farið að huga að jólamatseðlinum og jólabakstrinum.“

Notendum síðunnar býðst einnig að skrá sig inn á eigið svæði, svonefnt „mitt svæði“ og safna uppáhalds uppskriftunum saman á einn stað. „Margir þálfreyndir kokkar og áhugamenn um matargerð koma að uppskriftunum á vefnum eins og Nanna Rögnvaldardóttir, Klúbbur mat-



Á vefsíðunni gottimatinn.is er að finna fjölda spennandi jólauppskrifta.



Sælkerar koma ekki að tómunum kofanum á vefsíðunni.

reiðslumeistara, Árni Þór Arnórsson og Inga Elsa Bergþórsdóttir svo einhverjir séu nefndir,“ segir Erna. Hún segir vert að nefna að á næstu vikum verði Gott í matinn-vefurinn aðgengilegur á farsímaviðmóti. Það auðveldi notendum að fara inn á vefinn í símanum sínum og fletta upp í uppskriftum.

VILKO

-einfaldara getur það ekki verið!

Marengs

HVÍTUR
& **BRÚNN**

Purrefna-
blanda
fyrir
2 botna

Vilko Marengsduft er framleitt úr bestu fánlegu hráefnum.

Jólabaksturinn verður leikur einn með Vilko



MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

10
ÁRA
2001-2011



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera liflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðsv.	Landið allt
Fréttablaðið	69,9%	57,7%	Fréttablaðið	73,1%	60,1%
Morgunblaðið	26,3%	24,4%	Morgunblaðið	33,4%	31,5%
DV	9,5%	9,4%	DV	11,4%	10,9%
Fréttatíminn	44,4%	32,3%	Fréttatíminn	50,7%	36,9%
Finnur.is	25,3%	19,6%	Finnur.is	33,8%	26,1%
Monitor	24,5%	22,4%	Monitor	24,4%	23,5%
Viðskiptablaðið	7,1%	6,8%	Viðskiptablaðið	9,8%	8,7%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...

Allar græjur í bakstur og eldamennsku



Vélin fæst í mörgum litum!
Verð frá kr. 79.990



KitchenAid®

JÓLATILBOÐ

Öllum **KitchenAid®** hrærivélum fylgir 4,8 lítra glerskál ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.

**UPPELDUR
VÆNTANLEGUR
2. DESEMBER**

NÝTT - KitchenAid® HRÆRARI MEÐ SLEIKJUARMÍ

KitchenAid® hefur sett á markað nýjan hrærara, sem passar á flestar **KitchenAid®** hrærivélar. Hrærarinn er með mjúkum sleikjuarmi, sem blandar hráefni betur. Það þarf ekki að skafa innan úr skálinni þar sem hrærarinn skefur innan úr henni um leið og hrært er. Þetta gefur auðveldari, betri og hraðari árangur.

KYNNINGARVERÐ

3.990

ALMENNTVERÐ 5.990

Margir litir fánlegir!

KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.®



4ra SNEIÐA BRAUÐRIST

VERÐ FRÁ

54.990



2ja SNEIÐA BRAUÐRIST

VERÐ FRÁ

44.990



BLANDARI

VERÐ FRÁ

34.990



MATVINNSLUVÉL

VERÐ FRÁ

54.990



KAFFIKVÖRN

VERÐ FRÁ

44.990



Severin HM3827
200w handþeytari með 5 hraðastillingum. Þeytatar og krókar fylgja.

VERÐ

2.990


SEVERIN



Severin KW3667
Eldhúsvog með törun í skjá. Tekur allt að 5kg með 1gr nákvæmni. Slekkur sjálfvirkir á sér eftir notkun.

VERÐ

3.290



Severin KW3669
Flott stál eldhúsvog með LCD skjá. Mjög stöðug á borði. 1g - 5300g.

VERÐ

4.490



Severin HM3814
Handþeytari á standi með skál, 250w Mótór, 5 hraðastillingum + Turbo. Standur, 3L skálog 2 aAukahlutir fylgja.

VERÐ

6.990



Severin BM3991
650w 3,3 lítra brauðvél með LCD skjá, 11 stillingum fyrir brauð, deig, kökur ofl. Aukahólf sem bætir sjálfvirkir við efnum. 3 skorpu stillingar. Heldur heitu.

VERÐ

12.990

Fissler



Fissler – pottar, pönnur og öll áhöld í eldhúsið



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáuglýsingar vikunnar á visir.is

Smáuglýsingasíminn er opin allra daga kl. **8-17**

Smáuglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: allra virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf



Tilboð 2.790.000.-
FORD F350 CREW 4X4 35" . Árgærd 2005,ekinn aðeins 98.þ km, 6.0 dísel, sjálfskiptur. Verð áður 3.490.000.- Tilboð 2.790.000.- Rnr.310547.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is



EKINN AÐEINS 37.Þ.KM
SUZUKI SWIFT GL SJÁLFSKIPTUR. Árgærd 2007, ekinn aðeins 37 þ.km. Verð 1.680.000. Rnr.124310.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is



EKINN AÐEINS 47.ÞÚS KM
AUDI A3 SPORTBACK. Árgærd 2005, ekinn aðeins 47.þ km, einn eigandi, sjálfskiptur. Verð áður 2.590.000.- Tilboð 1.990.000.- Rnr.245003.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is

BÍLALIND.is



FORD MUSTANG COUPE Árgærd 1965, V8, 289 sjálfskiptur. Verð aðeins 2mkr staðgreitt! Mjög flottur fornbíll sem þig langar í #282066 - Mustanginn er í salnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is



Sparneytnir, öruggir og áreiðanlegir fjörgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
<http://www.suzuki.is>



Sjálfskiptur!!! 1390þ!
SUZUKI Swift GLX sjálfskiptur. Árgærd 2005, ekinn aðeins 89þ.km. Sjálfskiptur. Fæst á 1390þ.!!! Rnr.100116. Sjá fleiri myndir á www.bilapris.is - Er á staðnum - BÍLAPRIS

Bílapris
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 575 1010
Opíð virka daga 10-18 og laug. 12-16
<http://www.bilapris.is>

BÍLAFRÁGANGUR

Örugg bilaviðskipti frá aðeins 7.500.-
Kynntu þér málið.
www.Bilafragangur.is

Bílafrágangur
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur
Sími: 651 3500
Opnunartími 10-21 allra virka daga
<http://www.bilafragangur.is>

HEIMSBÍLAR



TOYOTA Yaris terra. Árgærd 2006, ekinn 60 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.090.000. Rnr.332037.MJÖG VEL MEÐ FARINN, Á GÓÐUM DEKKJUM.

Heimsbílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
<http://heimsbilar.is>

bilauppbod.is

Parftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

100 bílar.is



FORD Expedition limited 4X4. Árgærd 2007, ekinn 67 Þ.KM, sjálfskiptur. Einn með öllu, Litur út sem nýr, Asett verð 6.490þús.kr Rnr.115198, er á staðnum

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Patrol árg.'98 ek. 188 þús km.35" breyttur. Ýmsir aukahlutir. Vel við haldið. S. 8617697

Ódýr fornbíll M-Bens W123 230E „83. Næsta skoðun 2013. Er á góðum vetradekkjum. Sumardekk á felgum fylgja. Verð 220 þús. S: 616 1268.

Jeep Cheerokee árg. 95, ek. 220 þkm. Sk. 12, dráttarkúla. V. 290 þ. Uppl. 777 4426

Isuzu D-max árg. 2010. hús, krógur. ofl. Uppl. Bílalíf s. 562 1717 eða 897 7006

Fullkonnara metan kerfi
Betra METAN
Breyttu þínum bíl
Sjá sparnað á islandus.is
www.islandus.is - Sími 552 2000

50% ódýrara eldsneyti og lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Reiknaðu sparnað á www.islandus.is. Engin útborgun. Greitt með rekstrarsparnaði! Þjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.is - S. 5522000.



Hilux 2007 35"
ek.80 þús sér smíðaða þúst,ný dekk,sleði á palli. kastarar xenon ,sér hljóðeinangraður,original GPS frá toyota stór snertiskjár, tölvukubbur225 hö. ný smurður og fl. sjá myndir á bill.is raðn.134016 skoða skipti ásett.4.9m S.8477-663 .

0-250 þús.



VW golf 2001 Keyrður 126.000 Skoðaður '12. Þarfnast lagfæringa, en ekkert alvarlegt sem hefur áhrif á aksturseguleika eða bifreiðaskoðun. Selst mjög ódýrt vegna þessa. Verð 200 þúsund S:8477723 Ari



Sparaðu bensín !!!
Hyundai Accent árg. '01, ekinn aðeins 136þús. bsk., 3 dyra, ný skoðaður og í góðu lagi, ásett verð 420þús. Tilboðsverð aðeins 270 þús., uppl í s: 659-9696.



Tilboðsverð 170þús !!!
Kia Clarus árg '00, ekinn aðeins 165þús, sjálfskiptur, ný skoðaður, bill í góðu ástandi en smá útlitsgallaður, ásett verð 450þús, Tilboðsverð aðeins 170þús stgr, uppl í s: 659-9696

250-499 þús.



Nissan Terrano II árg. 99. 33" breyttur. Vél ek. 70 þ. km (bill 230 þ. km). Sjálfsk, nýtt þúst, dráttarkrókur, góð heilsársdekk. Hjólabúnaður og stuðari að framan þarfnast viðgerða. Verð: 450 þús. Uppl. í s. 693 2915 (Hfj).



TILBOÐ 335þús
Til sölu vw pólo árg 98 5/dyra sjálfskiftur ekinn 158 þúsund negld vetrardekk nýskoðaður topp bill. Verð 335þús gsm 8682352 ATH. Kortalán



TILBOÐ 450 ÞÚS sjálfskiptur Benz
MERCEDES-BENZ E230 W210 árg'96 ek.270 þús,sjálfskiptur,álfelgur,heilsársdekk,ný skoðaður og lýtur vel út! Ásett verð 750 þús TILBOÐ 450 þús stgr! s.841 8955

Verslun

VERSLUNARTÆKNI

Allt fyrir jóla-verslunina

Innkaupakerrur, Útiskilti, Handkórfur, Handkórfur m/hjólum, Verðmerkibýssa, Hjólahnallar, Öryggisspeglar, Hillulistar, Áfyllingavagn, Blautt gólf, Tilboðskórfur, Fataslár, Númerakerfi

VERSLUNARTÆKNI
Dragháls 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

20 REYNSLA 1990-2010
Pöntunarsími: 535 1300

Sjðu heimasilöuna www.verslun.is

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn - og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

MÁ ÞJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétt- og afþreyingarvefur landsins. **visir**



EKKI SVO GJAFMILDIR Viðar Pálsson sagnfræðingur flytur fyrirlestur í Sögufélagshúsinu í kvöld um gjafmildi höfðingja á miðöldum.

Veislur höfðingja á miðöldum

Veislur og gjafir íslenskra höfðingja á miðöldum er yfirskrift fyrirlesturs Viðars Pálssonar, doktors í sagnfræði, í Sögufélagshúsinu í Fischersundi annað kvöld.

Því hefur gjarnan verið haldið fram að gjafmildi og veisluhöld höfðingja miðalda hafi verið stór þáttur í að tryggja sér og viðhalda eigin vinsældum. Viðar tekur meinta gjafmildi höfðingjanna fyrir í fyrirlestrinum og færir rök fyrir því að þeir hafi hvorki getað, viljað né verið jafn gjafmildir og haldið hefur verið fram. Fyrirlesturinn hefst klukkan 20 og er hluti af Rannsóknarkvöldum Félags íslenskra fræða.

- jma

Endurbótum á umhverfi lýkur

Samtökin Umhverfi og vellíðan hafa síðastliðin tvö ár, í samstarfi við Landspítala – Háskólasjúkrahús, unnið að endurbótum á umhverfi dag- og göngudeildar krabbameinslækninga, 11C, á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut. Samfara endurbótum var gerð sálfræðileg rannsókn þar sem áhrif endurbótanna á líðan sjúklinga voru könnuð.

Auður I. Ottesen, Hulda Dórey Gísladóttir, Páll Jakob Líndal og Rut Káradóttir stóðu fyrir rannsókninni en ábyrgðarmaður var dr. Sigríður Gunnarsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í krabbameinshjúkrum HÍ og LSH.

Verkefninu lauk fyrir skömmu með afhendingu ljósmynda Páls Jökuls Péturssonar úr náttúru Íslands og munu myndirnar prýða gang deildarinnar.

Allir aðilar samtakanna Umhverfis og vellíðunar hafa unnið þetta starf í sjálfböðavinnu, en markmið samtakanna er að vekja athygli á mikilvægi umhverfis á líðan fólks.



FORMLEGA LOKIÐ Auður Ottesen og Páll Líndal afhentu Starfsfólki deildar 11C myndir Páls Jökuls Péturssonar og lauk þannig verkefninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýkrýndir Íslandsmeistarar í karate

Thelma Rut Frímannsdóttir varð tvöfaldur Íslandsmeistari fullorðinna í kumite í Fylkissetrinu á laugardaginn þegar Íslandsmeistararamót fullorðinna í kumite var haldið hjá Karatesambandi Íslands. Þá varð Diego Björn Valencia þrefaldur Íslandsmeistari fullorðinna í kumite.

Thelma Rut vann bæði opinn flokk kvenna og -61 kílóa flokk og varði báða titla sína frá því í fyrra. Diego vann opinn flokk karla og +84 kílóa flokk og var einnig í sigurliðinu í liðakeppni karla. Diego var einnig þrefaldur Íslandsmeistari í fyrra.

Yfir 60 keppendur frá 8 félögum öttu kappi í einstaklingskeppni og 5 lið í sveitakeppni karla. Í lok dags stóð félagið Víkingur uppi sem Íslandsmeistari í kumite fullorðinna 2011.

ÍSLANDSMEISTARAR Diego Björn Valencia og Thelma Rut Frímannsdóttir.

MYND/KARATESAMBAND ÍSLANDS



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingvi Sv. Guðmundsson
Miðvangi 41, Hafnarfirði,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans miðvikudaginn 16. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 24. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Ellen K. Einarsdóttir

Guðmundur Einar Ingvason

Örn Orri Ingvason

Dagmar Svanhvít Ingvadóttir

Jóhann Ingvi Ingvason

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðný Bjarkadóttir

Auður Hansen

Hjörvar Þór Guðmundsson

Sólveig Birna Magnúsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Árni Magnússon
skipstjóri, Suðurmýri 16,

verður jarðsunninn frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 24. nóvember klukkan 13.00.

Móeiður Marín Þorlákúsdóttir

María Árnadóttir

Pjetur Stefánsson

Ásta Kristín

Þórdís Árnadóttir

Daniel Marston

Hlédis Maren og Magnús Jökull

Þorlákur Már Árnason

Edda Huld Sigurðardóttir

Alexander Már og Indriði Áki

Jensína G. Magnúsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra frænda og mágs

Birgis Þórs Erlendssonar
Höfðabraut 3, Akranesi.

Lilja Ellertsdóttir

Magnhildur Erla Halldórsdóttir

Margrét Árný Halldórsdóttir

Ágústína Halldórsdóttir

Hafðís Halldórsdóttir

Áslaug Valdimarsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Gunnarsson
verkfræðingur,
til heimilis að Sléttuvegi 19,

lést fimmtudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík hinn 25. nóvember kl. 13.00.

Anna Margrét Guðmundsdóttir

Gunnar Örn Guðmundsson

Hrönn Guðmundsdóttir Sicari

Hlíf Guðmundsdóttir

Björn Líndal

barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Helga Söebeck

Frank J. Sicari

Geir Björnsson



Ástkær systir mín og föðursystir,

Arnbjörg Magga Magnúsdóttir

frá Traðarbakka, Akranesi,
Árskógum 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 4. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Elín Adalheiður Magnúsdóttir

Magnús S. Guðmundsson

Sjöfn Guðmundsdóttir

og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðni Ólafsson
frá Súgandafirði,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, 18. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

Halldór Guðnason

Ingveldur Guðnadóttir

Guðfinna Guðnadóttir

Matthildur Guðnadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Svanhildur Guðmundsdóttir

Jón G. Kristinsson

Jóel Sverrisson

Hjörtur Jóhannsson

Friðbjörg Ingimarsdóttir



Okkar ástkæri

Friðrik Axel Þorsteinsson
Markarvegi 4,

lést á Blóðlækningadeild 11G, Landspítalanum, 19. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. nóvember.

Helga P. Einarsdóttir

Inga Ísaksdóttir

Matthías Örn Friðriksson

Bjarki Hrafn Friðriksson

Ingibjörg Dröfn Friðriksdóttir

og barnabörn

Svafa Grönfeldt

Bryndís Guðmundsdóttir

Gunnar Hafsteinsson



Skemmtilegrí
í 25 ár

— ÓMÓTSTÆÐILEG — JÓLADAGSKRÁ Á STÖÐ 2



Njóttu jólanna í faðmi fjölskyldunnar

Við viljum öll njóta þess besta saman um jólin, hvort sem það er heitt súkkulaði og smákökur eða stórkostleg jóladagskrá Stöðvar 2. Styttum biðina fyrir þau yngstu með vönduðu talsettu barnaefni, upplifum hátíðlega tónleika og hjúfrum okkur saman undir teppi og njótum þeirra fjölmörgu bíómynda sem eru á dagskrá Stöðvar 2 og Stöðvar 2 Bío um jólin.

Skoðuðu stod2.is og kynntu þér frábæru jóladagskrána okkar til hlítar!

JÓLAKORTIÐ Í ÁR

Gefðu áskriftarkort að Stöð 2 í jólagjöf. Það fæst í höfuðstöðvum okkar við Skaftahlíð!

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. báru að, 6. skóli, 8. málmur, 9. arr, 11. átt, 12. frárennsli, 14. goðmög, 16. hvað, 17. fugl, 18. kærleikur, 20. stöðug hreyfing, 21. högg.

LÓÐRÉTT

1. ákefð, 3. pot, 4. árstíð, 5. líða vel, 7. kvængast, 10. æxlunarkorn, 13. svif, 15. sigta, 16. rámur, 19. í röð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. komu, 6. fig, 8. tín, 9. sig, 11. sa, 12. aftrás, 14. tótem, 16. ha, 17. ari, 18. ást, 20. íð, 21. stuð.
LÓÐRÉTT: 1. ofsa, 3. ot, 4. misseri, 5. una, 7. gíttast, 10. grf, 13. áta, 15. miða, 16. há, 19. tu.



HJÁLPI NEYÐ Á HEIMASLÓÐUM

Símasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands hafin. 2500 börn búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að sækja sér mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálpi Íslands sem leitar nú eftir stuðningi landsmanna.

Við hringjum fljótlega í þig.

Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt 660903-2590.



Í þjóðarinnar nafni, amen

BAKPANKAR
Kolbeins
Óttarssonar
Proppe

Á dögunum heyrði ég áhugaverðan fyrirlestur þar sem brugðið var ljósi á þjóðerniskennð eftir hrun. Niðurstaðan var sú að háð og íronía skipa meiri sess í sjálfsmynd þjóðarinnar eftir hrun en fyrir. Hér eru þeir varnaglar slegnir að sjálfsmynd þjóðarinnar er afskaplega brothætt hugtak og varla til og að þjóðin sem slík er ekki ein heild. En að öllum fræðilegum fyrirvörum slepptum þá brá fyrirlesturinn áhugaverðu ljósi á orðræðuna um þjóðina og þjóðernið.



ÞÆR hugleiðingar eru sérstaklega áhugaverðar nú um stundir. Í bólinni fyrir hrun var mógsefjunin slík að Íslendingar virtust trú á því að þeir væru öðrum þjóðum fremri. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sló tóninn með mæringum sínum á eðli Íslendingans sem fullkomnaðist í útrásarvíkingunum. Forsetinn dýrkaði þá og þjóðin líka. Það var ekki nóg að þeir væru klárir bismessmenn (sem síðar kom í ljós að þeir voru alls ekki) heldur voru þeir ofar í þróunarstiga heimsins en bismessmenn annarra þjóða. Og fyrst þeir voru það, þá vorum við það líka.

NÚ ER horft til þessa tíma með vænum skammti af kaldhæðni. Við fyrirverðum okkur fyrir það hvernig við létum og erum búin að gleyma því að þeir sem ekki sungu með í lofsöngvunum voru einfaldlega úthrópaðir sem gamaldags úrtölufólk. Lofkórinn hefur breyst í kaldhæðinn lastkór sem gerir grín að því hvernig hann eitt sinn var. Það er gott að mörgu leyti; húmörinn getur verið haldreipi þegar áföll dynja yfir.

HÍÐ algjöra hrun sjálfsmynda þjóðarinnar hefur kallað á kaótíska leit að nýrri sjálfsmynd. Sjaldan hafa jafn margir stjórnmálamenn verið vissir um að þeir tali í nafni þjóðarinnar; þjóðin vill þetta, þjóðin telur hitt, þjóðin kallar eftir einu, þjóðin hafnar öðru. Því miður virðist lærdómurinn um að þjóðin sé ekki heild sem tali einni röddu ekki runninn upp fyrir stjórnmálamönnum. Heill stjórnmálaflokkur beinir nú sjónum mögulegra kjösenda sinna aftur til gamalla gilda; þegar þjóðin var órofa heild og lífið einfalt.

HÉR kemur ókeypis ráð fyrir stjórnmálamenn. Hættið að tala í nafni þjóðarinnar. Leggið fram raunhæfa stefnu, talið af sannfæringu og ykkar verða atkvæðin. Þjóðin, það erum við.

myndasögur

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Hamborgarahryggur og kartöflusalat | Jólásíldarsalat | Dönsk lífrakæfa, sveppir og beikon

JÓLABAKKINN

FRÁ SÓMA ER KOMINN



30 bitar

TORTILLA VEISLUBAKKI



30 bitar

TORTILLA OSTABAKKI



20 bitar

EDALBAKKI



20 bitar

GAMLI GÓÐI



20 bitar

LÚXUSBAKKI



Fyrir 10 manns

ÁVAXTABAKKI



50 bitar


DESERTBAKKI

Pantaðu í síma **565 6000** eða á www.somi.is Frí heimsending*

Hver samlökbakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm. *Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

BONUS BONUS BONUS BONUS

OPNUM KLUKKAN **ELLEFU** OPNUM KLUKKAN **ELLEFU** OPNUM KLUKKAN **ELLEFU**



Pampers



298
KR. 56 STK



1698
KR. 50 STK



1698
KR. 44 STK



1698
KR. 60 STK



1998
KR. PK.

**ARIEL ÞVOTTAEFNI
50 SKAMMTAR**



259
KR. STK.

ÞVOTTAMÝKIR 750 ML



GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG

KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI

598
KR. KG

**KOFAREYKT
FOLALDAKJÖT M.BEINI**

798
KR. KG

**PARÍSARSNITSEL
Í BRAUÐRASPI**

**Jólasmjörð
komið**

Jólasmjör 500g
239 kr.



1998
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSKT
UNGNAUTAGÚLLAS**



1295
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSKT ÍSLENSKT
100% UNGNAUTAHAKK**



1998
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSKT
UNGNAUTASNITSEL**

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur



KJARTAN SIGURJÓNSSON heldur orgeltónleika í Dómkirkjunni í kvöld. Á efnisskránni eru Gotneska svítan eftir Bellmann og Fantasia og fúga eftir Bach. Auk þess leikur hann verk eftir Clérambault og Sweelinck. Tónleikarnir hefjast klukkan átta.

Námskeið

Sinfóniur Beethovens

Námskeiðið Sinfóniur Beethovens með Arna Heimi Ingólfssyni tónlistarfræðingi verður haldið í Norræna húsinu á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Námskeiðið er öllum opið og verður haldið næstu þrjú þriðjudagskvöld. Skráning og frekari upplýsingar á endurmenntun.is.

Absúrðkómíkin aldrei langt undan

Bókin Ekkert nýtt, nema veröldin hefur að geyma bréfaskeipti skáldsins Gríms Thomsen og Fjölmannsins Brynjólfs Péturssonar. Hjalti Snær Ægisson segir bréfin geyma lýsingar á orlagatíma í evrópskri sögu út frá íslensku sjónarhorni.

Bréfasafnið Ekkert nýtt, nema veröldin er komið út hjá Sögufélagi og hefur að geyma öll bréf sem varðveitt eru milli Gríms Thomsen og Brynjólfs Péturssonar. Bréfin eru rituð á árabílinu 1845-50 og veita innsýn í evrópskt menningarlíf og samfélag Hafnar-Íslendinga.

Aðalgeir Kristjánsson og Hjalti Snær Ægisson bjuggu bréfin til prentunar. Hjalti Snær segir að alvaran og hátíðleikinn sem hvíli yfir höfuðskáldum 19. aldarinnar í hugum margra sé að sumu leyti óskiljanlegur. „Í bréfum Fjölmannanna er oft grillað alveg út í eitt, og það er svipað með bréfin sem Grímur skrifar til Brynjólfs. Absúrðkómíkin er aldrei langt undan.“

Grímur Thomsen hefur lengi verið mönnum ráðgáta, enda eru heimildir um ævi hans glöppóttar. „Um Grím hefur enn ekki verið skrifuð heildstæð ævisaga. Manni hættir eiginlega til að líta



GRÍMUR OG HJALTI SNÆR Hjalti segir að hin hátimbraða mynd sem hefur loðað við þjóðskáldin sé illskiljanleg. Bréf Fjölmannanna leiftri til dæmis af kímni og í bréfum Gríms Thomsen til Brynjólfs Péturssonar sé ávallt stutt í húmorinn.

svo á að þetta séu tveir eða þrír menn, ungskáldið, kanselistinn og Bessastaðabóndinn. Þegar betur er að gáð má þó sjá að þarna er rauður þráður, og í bréfunum til Brynjólfs kemur greinilega í ljós að Grími var fát óviðkomandi.“

Bréfunum fylgja ítarlegar skýringar, enda kemur gríðarlegur fjöldi manna og atburða við

sögu. Hjalti Snær segir að bréfin lýsi skoðunum Gríms á hugmyndafræðilegri deiglu samtímans: „Danska einveldið lagðist af 1848, um svipað leyti og febrúarbyltingin var gerð í Frakklandi. Grímur fylgdist rækilega með þróun mála, enda starfaði hann fyrir Danakonung.“

Grímur Thomsen var barn

„Í bréfum Fjölmannanna er oft grillað alveg út í eitt, og það er svipað með bréfin sem Grímur skrifar til Brynjólfs.“

síns tíma en þó sérstakur að mati Hjalta Snæs: „Hann er einn örfárra Íslendinga sem hrifust af skandinavísmannum og lagði alltaf meiri áherslu á samnorræn einkenni en einangrað íslenskt þjóðerni. Hugmyndir hans eru því óneitanlega viðeigandi nú þegar spurningin um atök íslensks þjóðernis og yfirþjóðlegra stærða er alls staðar á dagskrá.“

Útgáfa sendibréfa hefur lengi tíðkast hérlendis, enda virðast íslenskir lesendur afar áhugasamir um bréfaskeipti. „Árið 1946 kom út bókin Húsfreyjan á Bessastöðum, sem er safn bréfa frá Ingi-björgu Jónsdóttur, móður Gríms Thomsen, til bróður síns, Gríms amtmanns Jónssonar. Sú bók varð metsölubók.“ Meðritstjóri Hjalta Snæs, Aðalgeir Kristjánsson, hefur rannsakað Grím Thomsen og samferðamann hans um árabílinu. „Það er hrein unun að hlusta á Aðalgeir tala um Grím,“ segir Hjalti. „Manni finnst næstum eins og þeir hljóti að hafa þekktst persónulega, slík er ástríða hans fyrir bréfum og kvæðum Gríms.“

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN ADGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Tónlist ★★★

Tónleikar í salnum

Þórarinn Jóhannes Ólafsson og Krystyna Cortes

Salurinn í Kópavogi

Falleg túlkun

Ég heyrði það strax á fyrstu tónunum að Þórarinn Jóhannes Ólafsson er með fallega rödd. Hann hélt debut-tónleikana sína á Íslandi í Salnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið. Með honum spilaði Krystyna Cortes á píanó. Þórarinn hefur lært söng á Ítalíu og í Kanada, en einnig hér á landi. Lögin sem hann söng voru úr ýmsum áttum, en þau íslensku og ítölsku voru mest áberandi. Textaframburður var þrýðilegur og maður fann að Þórarinn hefur næman skilning á tónlistinni sem hann söng. Túlkunin var einlæg og sannfærandi.

Eins og áður sagði hljómaði röddin almennt vel. Neðra tónsviðið var fínt, það voru helst toppnótturnar sem þvældust fyrir. Þórarinn er tenór, en ég velti því samt fyrir mér megnið af tónleikum hvort mörg laganna væru ekki of há fyrir hann. Efstu tónarnir voru yfirleitt mjóir og hljómlausir, það var eins og Þórarinn næði þeim ekki almennilega. Jú, hann náði þeim reyndar að nafninu til, en ekki það vel að þeir virkuðu eins og dramatískir hápunktar.

Þetta var býsna mikill galli á dagskránni. Og synd, því ég held að Þórarinn sé sannur músikant. Það kom ekki síst í ljós í einu aukalaginu, sem er yfirleitt kennt við myndirnar um Guðföðurinn. Tilfinningin í laginu var sönn, flæðið í túlkuninni var óheft, hún snerti við manni. Það eru ekki allir söngvarar sem ná því.

Krystyna Cortes lék á píanó eins og áður sagði. Flygillinn var alveg opin og ég er ekki frá því að hún hafi spilað heldur sterkt í byrjun tónleikanna. En að öðru leyti var leikur hennar mjúkur og eðlilegur og féll þrýðilega að söngnum.

Jónas Sen

Niðurstaða: Falleg rödd og fín túlkun en megnið af dagskránni hefði mátt vera neðar á tónsviðinu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 22. nóvember 2011

Tónleikar

20.00 Spiridons Shishigin heldur tónleika í MÍR salnum, Hverfisgötu 105.

20.30 Á fjórðu tónleikum djasstónleikaraðar Kex Hostels kemur fram tríó gítarleikarans Björns Thoroddsen.

20.30 Lára Rúnars og Rúnar Þórisson koma fram á Kaffi, kökur & rokk og ról í Eðrúhöllinni, Efstaleiti 7. Adgangseyrir er kr. 500. Kökur og kaffi á boðstólnum.

21.00 Voces Thules heldur tónleika í Langholtskirkju. Adgangseyrir er kr. 2.000. Nemar greiða kr. 1.000.

Fundir

15.00 Marías H. Gestsson ræðir viðskiptakjör og hagstjórn í litlu opnu

hagkerfi í málstofu sem haldin er í fundarsal Seðlabankans, Sölvhóli.

Kvikmyndir

20.00 Kvikmyndasafnið sýnir Carrie eftir William Wyler í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Verð aðgöngumiða er kr. 500.

Fyrirlestrar

12.05 Gunnar Karlsson ræðir hlutleysi í sagnfræði í fundaröð Sagnfræðingafélags Íslands. Fyrirlesturinn fer fram í Þjóðminjasafni Íslands.

12.05 Godður, Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við LHI, heldur fyrirlestur í Opna listaháskólanum í Skipholti 1, stofu 113.

17.00 Sölvi Sveinsson, cand. mag. í sagnfræði og skólastjóri Landakotskóla, flytur fyrirlestur sem heitir Að lesa list er góð í Bókasafni Seltjarnarness.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.



VIDEYJARSTOFA

Jólahlaðborð 2011

Jólaveisla fyrir einstaklinga og hópa allar helgar á aðventunni



Lifandi pianótónlist með ljúfum jólalögum





Gallery Restaurant – Hótel Holt sér um allar veitingar í Videyjarstofu.



Elding adventure at sea

videyjarstofa@holt.is sími 552 5700 www.videyjarstofa.is

STÓRMEISTARI



„Glæpasögur gerast ekki betri.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐIÐ



ARNALDUR INDRIDASON

EINVÍGIÐ eftir Arnaldur Indriðason er snilldarlega samin saga um spennuþrungið andrúmsloft kalda stríðsins – en líka um átakanleg örlög, glataða bernsku og hjartasár

„Sannkallaður sagnameistari.“


THE GUARDIAN

„Arnaldur skrifar betur en nokkur annar íslenskur glæpasagnahöfundur.“

KB / MORGUNBLAÐIÐ

„Fremstur norrænna sakamálahöfunda.“

THE TIMES



1.
Sæti

Heljarsti 9 - 15.11.11

METSÖLULISTI
EYMUDDSSON

1.
sæti

SKÁLDVERK 6. - 12.11.11
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

VAKA-HELGAPELL
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



27. AFMÆLISDAGUR Þokkagýðjunnar Scarlett Johansson er í dag. Við sjáum hana næst í kvikmyndinni *We Bought a Zoo*, þar sem hún er í aðalhlutverki ásamt Matt Damon.



SIGURVEGARI Söngkonan Taylor Swift var glæsileg í gulllituðum síðkjól með hlíðartagl.



FYRIRSÆTAN Heidi Klum afhenti verðlaun en hún klæddist silfurlituðum kjól með útskornu munstri.



KÆRUSTUPARIÐ Justin Bieber og Selena Gomez klæddu sig heldur betur upp í tilefni kvöldsins.



GLÆSILEG Jennifer Hudson þykir líta einkar vel út þessa dagana. Hún klæddist stuttum silfurlituðum kjól á rauða dreglinum.



JAKKFATAKLÆDDUR Bruno Mars var að vonum ánægður með verðlaun sín sem karlkyns popptónlistarmaður ársins.



MEÐ BLEIKT HÁR Katy Perry kom fram á verðlaunum.

SWIFT TÓNLISTARMAÐUR ÁRINS 2011

Bandarísku tónlistarverðlaunin eða American Music Awards fóru fram í Los Angeles aðfaranótt mándags. Söngkonan unga Taylor Swift var valin listamaður ársins fram yfir þau Lil Wayne, Lady Gaga, Adele og Katy Perry sem einnig voru tilnefnd í þeim flokki.

Taylor Swift, sem vakti athygli í gulllituðum síðkjól, fór einnig heim með verðlaun fyrir kántríplötu ársins og sem kántrí-söngkona ársins. Aðrir sem fóru heim með verðlaunastyttu voru Bruno Mars, Adele, Nicky Minaj, Usher, Beyoncé, Rihanna og Jennifer Lopez. Það var greinileg tiskubylgja í gangi á rauða dreglinum þar sem flestar konurnar klæddust gulleða silfurlituðum kjólum í tilefni kvöldsins.



SKIPTI FIMM SINNUM UM FÖT

Söngkonan Jennifer Lopez mætti með hluta af fataskápnunum sínum en hún skipti fimm sinnum um föt á bandarísku tónlistarverðlaunum. Söngkonan tróð upp fyrir áhorfendur og skipti þrisvar um fatnað á sviðinu. Meðal þess sem hún klæddist var sjálflysandi stuttur kjóll, síðkjóll með hlébarðamynstri sem Lopez síðan reif utan af sér og stóð loks í gegnsæjum samfestingi þöktum demöntum. Söngkonan var valin suður-ameríski listamaður ársins og tók hún við verðlauninum í svörtum síðum blúndukjól. Þegar kom að eftirpartyinu var Lopez hins vegar komin í stuttan silfurlitaðan kjól.

Fríkirkjan nötraði

Tónleikar ★★★★★

Fjallabráður

Ásamt Magnúsi Þór Sigmundssyni, Jónasi Sigurðssyni og Mugison

Fríkirkjan, 19. nóvember

Það var í einu orði sagt mögnuð stemning á tónleikum Fjallabráðra í Fríkirkjunni á laugardagskvöldið. Hljómsveitin hélt tvenna tónleika sama kvöldið og var uppselt á þá báða. Ég var á þeim seinni og það var greinilegt að gestirnir sem troðfylltu Fríkirkjuna klukkan hálf ellefu voru mættir til þess að skemmta sér. Og það sama gildir um Fjallabráðurna sjálfa.

Hljómsveitin samanstendur sem kunnugt er af um það bil fimmtíu manna karlakór og rokkhljómsveit, en á laugardagskvöldið spilaði fjölmörgu Unnur Birna Björnsdóttir líka stórt hlutverk, auk þess sem nokkrir blásarar komu við sögu. Kórstjórnir og gítarleikarinn Halldór Gunnar Pálsson sá svo um að halda mönnum við efnið, bæði kórnum sjálfum og tónleikagestum með skemmtilegum kynningum milli laga.

Fjallabráður byrjuðu á nokkrum lögum af plötunni sem þeir gáfu út fyrir tveimur árum og náðu upp finni stemningu. Þeir tóku svo nýtt lag sem Unnur Birna söng forsöng í, mjög flott. Þegar sérstakir gestir sveitarinnar komu á svið fór hins vegar fyrst að hitna almennilega í húsinu. Fyrstur kom



FJALLABRÆÐUR Voru í mögnuðu stuði í Fríkirkjunni á laugardagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magnús Þór Sigmundsson og söng með þeim lögin Jörðin sem ég ann og Freyja. Það síðarnefnda var ennþá betra og kallaði fram gæsa-húð og kökk í hálsinn. Næst kom Jónas Sigurðsson og tók tvö lög, Allt er eitthvað og Hamingjan. Þegar seinna lagið hljómaði hreinlega nötraði Fríkirkjan af stuði og stemningu. Jónas hafði líka kynnt það vel og tengt það við ákveðið atriði í norska sjónvarpinu sem fékk metáhorf...

Það hefði ekki hver sem er getað fylgt eftir þeim hápunktum sem flutningur Hamingjúlagsins var á laugardagskvöldið, en Mugison er heldur ekki hver sem er. Hann fór

létt með það. Fyrst tók hann Ljós-víkinginn í flottri kórútgáfu og svo ofursmellinn Stingum af, en bæði kórinn og gestir í salnum sungu með í því og gleðin skein af hverju andliti. Aftur skalf kirkjan.

Fjallabráður kláruðu svo tónleikana með tveimur lögum til viðbótar, en í því seinna gekk mannskapurinn syngjandi út úr kirkjunni – fyrst kórinn, þá hljóð-færaleikararnir, hljóðmaðurinn og loks glaðir og sáttir tónleikagestir.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Fjallabráður og gestir fylltu Fríkirkjuna af gleði og góðri tónlist á laugardagskvöldið.

Golfbókin eyðilagði golfsumarið mitt

„Þetta var mjög stíf vinna í júlí, ágúst, september og október, þá var maður eiginlega að frá klukkan átta á morgnana til fjögur um nóttina,“ segir Frosti B. Eiðsson en hann hefur lagt nótt við nýtan dag að klára bókina *Golf á Íslandi* sem hæglega mætti kalla „biblíu“ íslenskra kylfinga. Bókin, sem er 240 síður, inniheldur upplýsingar og sögu allra golfvalla á Íslandi auk annars skemmtilegs fróðleiks. Meðal þeirra sem láta ljós sitt skína í bókinni eru Ragnhildur Sigurðardóttir og Birgir Leifur Hafþórsson, margfaldir Íslandsmeistarar í golfi.

Frosti, sem er sjálfur mikill kylfingur og hefur verið með lægst sex í forgjöf en er núna með níu, segir bókina eiginlega hafa eyðilagt golfsumarið fyrir sér, hann gráti það þó þurrum tárnum. „Þetta var mjög stíf vinna en það jafnast ekkert á við það að vera með myndavélina á lofti, úti á velli, að fylgjast með fólki líða vel og þurfa sjálfur ekkert að hafa áhyggjur af vondu höggunum,“ segir Frosti.

Hann bætir því við að það hafi komið honum á óvart hversu margir voru reiðubúnir til að leggja þessu verkefni lið en sjálfur tekur hann rúmlega helming allra mynda sem birtast í bókinni. Golfið hefur notið geysilegra vinsælda hér á landi og hefur breyst úr því að vera svokallað „elítusport“ í að



GOLF OG AFTUR GOLF Frosti B. Eiðsson, höfundur bókanna *Golf á Íslandi*, þurfti ekki að hafa miklar áhyggjur af vondu höggunum í sumar þar sem hann eyddi meira tíma með myndavélinni úti á golfvelli en golfkylfunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verða íþrótt fyrir alla. Það kemur því ekkert á óvart að fjöldi nafntogaðra einstaklinga skuli leggja til sögur af golfvelli í bókinni, svo sem Eyjólfur Kristjánsson og Sigmar Vilhjálmsson, kenndur við Hamborgarafabrykkuna. -fgg



Disney JÓLA SYRPA



254
blaðsíður



Það er alltaf fjör hjá Andrésí og félögum hans ekki síst um jólin!
Náðu þér í nýju Jólasýrpuna og Jóla smásýrpuna - ómissandi lesning!

Fáanleg í næstu verslun eða á www.edda.is

edda

midí.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

IMMORTALS 3D
990 KR. 1.3D
Powersýning
KL. 10.15

TOWER HEIST
700 KR.

BORGRIKI
P.P. - FRÉTTAMINN

TINNA
990 KR. 1.3D
Sjónmynd

Þriðjudagur er tilboðsdagur.

ELÍAS
700 KR.
Íslenskt tal

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
IMMORTALS 3D 8 og 10.15 (POWER)
ELÍAS 6
TOWER HEIST 8 og 10.15
BORGRIKI 6, 8 og 10
TINNI 3D 5

SAMBÍÓIN

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

HEIMSFROMSÝND.
VERTU MEÐ PEIM FYRSTU Í HEIMINUM TIL AÐ SJÁ HIÐ MAGNADA
ÆVINTYRI UM BELLU, EDWARD OG JACOB

the twilight saga
breaking dawn
part 1

Tilboð 750 kr.

BELLA ER Í LÍFHÆTTU OG EDWARD OG JACOB ÞURFA AÐ SAMEINA KRAFTA SÍNA EF PEIR ÆTLA BJARGA LÍFI HENNAR
MYNDR SEM HAFA VERIÐ AÐ SLÁ ÖLL AÐSÓKNARMET Í USA

THE IDEAS OF MARCH SVIKRÁÐ
Tilboð 750 kr.

TOWER HEIST
Tilboð 750 kr.

THE INBETWEENERS
Tilboð 750 kr.

THE HELP
Tilboð 750 kr.

SMÁRABÍÓ	ALFABAKKA	EGILSHÖLL
TWILIGHT: BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D	TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 kl. 5:30 - 8 - 10:40 2D	TWILIGHT: BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D
TWILIGHT: BREAKING DAWN VIP kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D	THE ADVENTURES OF TINTIN kl. 5:30 - 8 3D	THE IDEAS OF MARCH kl. 8 - 10:30 2D
TOWER HEIST kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D	THE IDEAS OF MARCH kl. 5:30 - 8 3D	THE IDEAS OF MARCH kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D
THE IDEAS OF MARCH kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D	PÓR: HET JUR VALHALLAR kl. 5:30 3D	THE INBETWEENERS kl. 8 - 10:30 2D
THE INBETWEENERS kl. 8 - 10:30 2D	THE INBETWEENERS MOVIE kl. 8 - 10:30 2D	THE INBETWEENERS MOVIE kl. 8 - 10:30 2D
THE HELP kl. 5:40 - 8:20 2D	THE THREE MUSKETEERS kl. 5:30 3D	THE THREE MUSKETEERS kl. 5:30 3D
JOHNNY ENGLISH REBORN kl. 5:50 2D	HELP kl. 10:20 2D	HELP kl. 10:20 2D
SMÁRABÍÓ	KEFLAVÍK	KRINGLUNNI
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 kl. 8 2D	TWILIGHT: BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D	TWILIGHT: BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D
IMMORTALS kl. 10:30 2D	THE IDEAS OF MARCH kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D	THE IDEAS OF MARCH kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D
WHAT'S YOUR NUMBER kl. 8 - 10:20 2D	THE INBETWEENERS kl. 10:40 2D	THE INBETWEENERS kl. 10:40 2D
SMÁRABÍÓ	AKUREYRI	SELFOSS
THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN kl. 8 - 10:30	TWILIGHT: BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30	TWILIGHT: BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30
THE THREE MUSKETEERS kl. 10:20	TINTIN kl. 6	TINTIN kl. 6
THE SKIN I LIVE IN kl. 8	THE THING kl. 8	THE THING kl. 8
	KILLER ELITE kl. 10:10	KILLER ELITE kl. 10:10

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

FULLKOMIN GÆÐI!

★★★★★
"SJÓNÆRN VEISLA MEÐ SKEMMTILEGU OFBELDI OG GRÓTHÖRÐUM TÖFFARASKAP."
T.V., KVÍKMYNDRIS / SÉÐ & HEYRT

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

IMMORTALS
FRÁ FRAMLEIÐENDUM 300 LÚXUS midí.is

SMÁRABÍÓ	GLERABUGU SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MÍBLIS
IMMORTALS 3D KL. 5.30 - 8 - 10.30 16		IMMORTALS 3D KL. 5.30 - 8 - 10.30 16	
IMMORTALS 3D LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 16		IN TIME KL. 10.15 12	
ELÍAS OG FJARSJÓBSLEITIN KL. 3.40 L		HUMAN CENTIPEDE KL. 10.20 18	
TOWER HEIST KL. 8 - 10.20 12		MONEYBALL KL. 8 L	
IN TIME KL. 8 - 10.30 12		ÆVINTYRI TINNA 3D KL. 5.40 - 8 7	
ÆVINTYRI TINNA 3D KL. 3.20 - 5.40 - 8 7		MIDNIGHT IN PARIS KL. 5.45 L	
HEADHUNTERS KL. 5.45 - 10.20 16		ELDFJALL KL. 5.45 - 8 L	
PÓR 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 - 5.50 L		BORGARBIÓ	
PÓR 2D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 L		IMMORTALS 3D KL. 6 - 8 - 10 12	
		ELÍAS OG FJARSJÓBSLEITIN KL. 6 L	
		TOWER HEIST KL. 8 - 10 12	

facebook / smarabio • facebook / haskolabio



POLLAPÖNKARAR Þriðja plata Pollapönks er komin í verslanir og á henni er hellingur af hressum lögum fyrir börn og fullorðna.

Erfiðast að semja textana

Hljómsveitin Pollapönk hefur gefið út sína þriðju plötu, Aðeins meira Pollapönk. Fyrstu tvær plötur hafa selst í hátt í sex þúsund eintökum.

Spurður út í ástæðuna fyrir vinsældum Pollapönks segir Haraldur Freyr Gíslason að ágæt lög og textar hljóti að leika þar stóra rollu. „Og líka sú breyta að við erum virkilega að hafa gaman af þessu. Við erum ekkert að setja

okkur í stellingar þegar við erum að semja lög og texta,“ segir Halli. „Annaðhvort er þetta bara gott lag eða ekki gott lag. Þetta er frábær vettvangur til að búa til popplög, að reyna að ná til svona breiðs hóps.“

Fyrsta plata Pollapönks gerðu þeir Halli og Heiðar Örn Kristjánsson í tengslum við lokaritgerð sína í Kennaraháskólanum. Síðan þá hafa þeir Guðni Finnsson og Arnar Gíslason bæst í hópin.

Á nýju plötunni eru tólf frumsamin lög, þar á meðal Bjartmar sem er tileinkað Bjartmari Guðlaugssyni og einnig hin eldhressu

Ættarmót og Hananú. Textarnir eru skemmtilegir sem fyrr en að sögn Halla er mesti höfuðverkurinn að semja þá, enda þurfa þeir að höfða til bæði barna og fullorðinna.

Útgáfutónleikar Pollapönks verða í desember. Sveitin spilar næst í íþróttahúsinu í Breiðholti á fimmtudaginn, 29. nóvember verður hún í Edruhóllinni og 3. desember taka við tónleikar hjá Keili í Reykjanesbæ. Á næsta ári hefur stefnan svo verið sett á leikrit um krakkana í Pollafirði, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. freyr@frettabladid.is

Var fyndnastur í bæjarvinnunni

„Ég bjóst alveg eins við þessu enda var ég búinn að æfa mig mikið og gera þetta af miklum metnaði,“ segir Daniel Geir Moritz, nýkjörinn Fyndnasti maður Íslands. Fimm manns kepptu til úrslita á Spot og þótti Daniel Geir bestur.

„Ég var hræddur um að komast ekki í keppnina því það gekk svo illa í áheyrnarprufunum. Ágætlega gekk í undanúrslitunum og svo fannst mér ég toppa í úrslitunum,“ segir Daniel Geir, sem reynir að grínast með venjulega hluti sem fólk getur tengt við. „Ég get líka búið til einhver atriði sem eru úr mínum ruglaða hugarheimi.“

Aðspurður segist hann hafa í raun byrjað sem barn í uppstandinu, þegar hann fékk að troða upp í saumaklúbbi hjá mömmu sinni. Hann tók þátt í Fyndnasta manni Íslands árið 2007 án þess að gera neinar rósir en síðustu tvö ár hefur hann komið fram í fyrirtækjum og menntaskólum. Einnig hefur hann

haldið uppstandskvöld á Faktory og í Tjarnarbíói.

Daniel Geir, sem er 26 ára, er frá Neskaupstað og þar fékk hann sína fyrstu grínviðurkenningu, sem fyndnasti maður bæjarvinnunnar árið 1999. Spurður út í átrúnaðargoð sín segist hann hafa gaman að fólki sem „er að gera eitthvað“. Nefnir hann Diktu og Jónas Sigurðsson sem dæmi. Einnig hreifst hann af Fóstbræðrum ungur að aldri og þótti honum því ekki leiðinlegt þegar Helga Braga afhenti honum sigurlaunin í keppinni.

Daniel Geir vonast til að fá enn fleiri verkefni eftir sigurinn í Fyndnasta manni Íslands. Hann er einnig í meistaranámi í ritlist og getur vel hugsað sér að skrifa fyrir sjónvarp eða leikhús. -fb



SIGURVEGARI Daniel Geir Moritz er fyndnasti maður Íslands árið 2011. MYND/GUNNAR ÁSGERSSON

LYFJA - Lífið heil

Styrkur fyrir ónæmiskerfið

SOLARAY
Multidophilus 30 BILLION
Olive Leaf
Multidophilus 3 BILLION

Fyrir þig í Lyfju

www.lyfja.is

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUDNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFE/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midí.is

ÞRIÐJUDAGUR: FARIN (PARTIR) 18:00, 20:00, 22:00

ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00

BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

■ BORGRIKI 18:00, 22:00

ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

FARIN (PARTIR)
MEÐ KRISTIN SCOTT-THOMAS

SÝNDU DÆLULYKILINN OG FÁÐU AFSLÁTT!



LENGI LIFI
SAMKEPPNI



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:





GRINDAVÍK (vann B-riðil) er komið í undanúrslit Lengjubikars karla í körfubolta og Þór Þorlákshöfn (A-riðil) tryggir sér sætið með heimasigrum á 1. deildarliði Skallagríms í lokaumferðinni á mánudaginn kemur. Keflavík og Njarðvík spila hreinan úrslitaleik í Keflavík um sigurinn í D-riðli og það verður líka allt undir í leik Snæfells og Stjörnunnar í C-riðli sem fram fer í Hólminum. Úrslitalelgi Lengjubikarsins fer síðan fram í DHL-höll þeirra KR-inga 2. til 3. desember næstkomandi.

ÚRSLIT Í GÆR

Lengjubikar karla í körfu

A-riðill: Skallagrímur-IR 92-99 (37-47)
Stig Skallagríms: Lloyd Harrison 26 (10 frák./9 stoðs.), Sigurður Þórarinnsson 18, Dominique Holmes 16, Sigmar Egilsson 14, Birgir Þór Sverrisson 8, Óðinn Guðmundsson 5, Davíð Guðmundsson 3, Davíð Ásgeirsson 2.
Stig IR: Nemanja Sović 21, James Bartolotta 21 (8 frák./7 stoðs.), Robert Jarvis 15, Eiríkur Öundurson 13, Hjalti Friðriksson 12, Ellert Arnarson 6, Þorvaldur Haukskva 4, Bjarni Valgeirsson 3, Niels Dungal 2, Kristinn Jónsson 2.
B-riðill: Fjölnir-Grindavík 78-83 (38-48)
Stig Fjölnis: Calvin O'Neal 30, Nathan Walkup 20, Árni Ragnarsson 15, Arnþór Guðmundsson 9, Jón Sverrisson 2, Björgvin Ríkhartsson 2.
Stig Grindavíkur: Jordan Watson 19, J'Nathan Bullock 18, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 13, Páll Axel Vilbergsson 7, Jóhann Árni Ólafsson 7, Björn Steinar Brynjólfsson 6, Ólafur Ólafsson 6, Þorleifur Ólafsson 4, Þorsteinn Finnþósson 3.
D-riðill: Valur-Keflavík 93-115 (54-56)
Stig Vals: Darnell Huggie 19, Garrison Johnson 19, Igor Tratik 17 (12 frák.), Ragnar Gyflason 10, Austin Magnus Bracey 8, Benedikt Blöndal 5, Snorri Þorvaldsson 4, Birgir Björn Pétursson 4, Ágúst Dearborn 4, Alexander Dungal 3.
Stig Keflavíkur: Charles Parker 28 Jarryd Cole 21, Steven Dagustino 19, Hafliði Már Brynjarsson 12, Almar Guðbrandsson 9, Ragnar Albertsson 8, Halldór Örn Halldórsson 6, Gunnar Stefánsson 5, Sigurður Gunnarsson 3, Valur Orrí Valsson 2, Kristján Tómasson 2.

Enska úrvalsdeildin í fótb.

Tottenham-Aston Villa 2-0
Emmanuel Adebayor 2 mörk (14. og 40.)

STAÐA EFSTU LIÐA

Man. City	12	11	1	0	42-11	34
Man. United	12	9	2	1	29-12	29
Tottenham	11	8	1	2	23-15	25
Newcastle	12	7	4	1	18-11	25
Chelsea	12	7	1	4	25-17	22
Liverpool	12	6	4	2	16-11	22
Arsenal	12	7	1	4	25-22	22
Aston Villa	12	3	6	3	16-17	15
QPR	12	4	3	5	13-22	15
West Brom	12	4	2	6	11-17	14

LEIÐRÉTTING

Röng úrslit í viðtali

Í viðtali við Heiðar Helguson í Fréttablaðinu í gær var sagt að QPR hefði unnið 6-0 sigur á Fulham í ensku úrvalsdeildinni í síðasta mánuði. Hið rétta er að QPR tapaði fyrir Fulham, 6-0. Sagði Heiðar að sá leikur hefði verið vendipunktur fyrir QPR, enda hefði liðið spilað betur síðan.

MUN RÆÐA AFTUR VIÐ HEIÐAR

Landsliðsþjálfari Íslands, Lars Lagerbäck, hefur líkt og aðrir hrifist af leik Heiðars Helgusonar upp á síðkastið. Lagerbäck mun ræða betur við Heiðar um þann möguleika að taka landsliðsskóna úr hillunni.

FÓTBOLTI Heitasti íslenski knattspyrnumaðurinn um þessar mundir er Dalvíkingurinn Heiðar Helguson. Heiðar hefur farið algjörlega á kostum með liði sínu, QPR, í síðustu leikjum og skoraði meðal annars tvö mörk gegn Stoke um helgina. Alls er hann búinn að skora fimm mörk í síðustu fimm leikjum liðsins.

Það eru talsverð meisdli hjá framherjum landsliðsins um þessar mundir en bæði Kolbeinn Sigþórsson og Eiður Smári Guðjohnsen eru fótbrotnir og spila ekki aftur fyrr en einhvern tíma á næsta ári.

Heiðar tilkynnti í lok september að hann væri hætatur að leika með íslenska landsliðinu. Framherjinn er orðinn 34 ára gamall og vill einbeita sér að því að spila fyrir félag sitt.

Frábær frammistaða hans upp á síðkastið hefur aftur á móti orðið þess valdandi að margir vilja sjá Heiðar endurskoða afstöðu sína og taka fram landsliðsskóna á nýjan leik.

Hinn nýráðni landsliðsþjálfari Íslands, Sviinn Lars Lagerbäck, hitti Heiðar á dögnum og ræddi þann möguleika við leikmanninn að spila áfram með landsliðinu. Landsliðsþjálfarinn fékk ekki jákvætt svar frá Heiðari þá en hann mun ræða við hann síðar um málið.

„Ég var í London og ákvað að kíkja á völlum. Þar sem Heiðar var að spila ákvað ég að kasta á hann kveðju eftir leikinn. Þetta var enginn fundur heldur stutt spjall svo við fórum ekkert almennilega yfir málin. Hann bauð mér aftur á móti að vera í sambandi við sig síðar og ég mun væntanlega gera það,“ sagði Lagerbäck í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég get ekki fullyrt neitt um hvort hann spili aftur fyrir landsliðið eða ekki. Maður veit



ÚTILOKAR EKKI NEITT Lagerbäck ætlar að spjalla betur við Heiðar Helguson síðar og athuga hvort hann fái til að spila fyrir landsliðið á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heiðar stendur við ákvörðunina

Heiðar Helguson segir ólíklegt að hann muni gefa aftur kost á sér í íslenska landsliðið en síðast spilaði hann í 4-0 tapi Íslands gegn Ungverjalandi í ágúst síðastliðnum.

„Ég held ekki,“ sagði hann spurður hvort komi til greina að gefa aftur kost á sér. „Ég held að þetta sé orðið ágætt. Við erum með unga og öfluga leikmenn sem eru margir hverjir tilbúnir til að taka við keflinu. Ég held að það sé réttur tími til að breyta til.“

Heiðar hitti Lars Lagerbäck, nýráðinn landsliðsþjálfara, að máli eftir leik Tottenham og QPR í lok október.

„Ég vissi ekki einu sinni að hann væri þarna. Ég rakst á hann frammi á gangi eftir leikinn og við ræddum málin í nokkrar mínútur. Meira var það ekki,“ sagði Heiðar við Fréttablaðið. Hann er 34 ára gamall og hefur skorað tólf mörk í 55 A-landsleikjum.

líka aldrei með leikmenn þegar þeir komast á aldur. Ég mun ræða við hann. Auðvitað mun ég reyna að snúa honum ef ég tel mig geta notað hann. Það sama á samt við um Heiðar og aðra leikmenn að ef þeir hafa ekki 100 prósent áhuga á að spila fyrir landsliðið þá spila þeir ekki.“

Sviinn hefur ekki formlega störf fyrir KSÍ fyrr en um ára-

mótin en hann er enn að vinna fyrir sænska knattspyrnusambandið. Hans starf fyrir KSÍ fer því ekki á fullt fyrr en eftir júl.

„Ég hef ekki skipulagt að hitta neina leikmenn enn sem komið er. Ég hef verið í smá sambandi við Eið Smára en aðeins í gegnum tölvupóst. Um miðjan næsta mánuð mun ég fara í að skipuleggja ferðir til þess að hitta leik-

menn,“ sagði Lagerbäck en hann kemur síðan til landsins fljótlega eftir áramót.

„Þá mun ég hitta mitt samstarfsfólk og skipuleggja starfið betur. Ég mun einnig ræða við þjálfarana á Íslandi. Svo þarf að skipuleggja vináttulandsleiki þannig að það verður nóg að gera.“

henry@frettabladid.is

Efstu lið ensku úrvalsdeildarinnar verða í eldflínunni í Meistaradeildinni í kvöld: Manchester-liðin mega ekki tapa

FÓTBOLTI Manchester City og Manchester United hafa verið í nokkrum sérflokkum í ensku úrvalsdeildinni í vetur en það hefur ekki gengið eins vel hjá liðunum í Meistaradeildinni. Bæði lið eiga það nú sameiginlegt að mega ekki tapa leikjum sínum í næstsíðustu umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar í kvöld. Manchester United tekur þá á móti Benfica á Old Trafford en Manchester City heim-sækir ítalska liðið Napoli. Liðin eru bæði í öruggu sæti eins og er en það gæti breyst snögglega í kvöld.

Manchester City hefur unnið alla 9 leiki sína síðan Carlos Tevez-málið kom upp í München í lok september og liðið er komið upp í annað sætið í sínum riðli eftir tvo sigra á Villarreal. Verkefni kvöldsins verður ekki af auðveldara taginu því Napoli hefur ekki tapað á heimavelli í tíu Evrópuleikjum í röð. Napoli nærði eins stigs forskoti á City með sigri og Ítalirnir mæta síðan Villarreal í lokaumferðinni á sama tíma og City tekur á móti Bayern München.

„Við eigum góða möguleika af því að við erum í öðru sæti en þetta verður mjög erfiður leikur í Napoli. Þetta er síðasti möguleiki Napoli-liðsins og við verðum að spila vel til að sjá til þess að við förum áfram,“ sagði Robert Mancini, stjórnari Manchester City, en sigur tryggir City sæti í 16 liða úrslitunum. Bayern tryggir sér



NANI OG SIR ALEX FERGUSON Létir á blaðamannafundi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leikir kvöldsins

A-riðill (Stig innan sviga)
Napoli (5)-Man. City (7) S2 Sport 3 19.45
Bayern (10)-Villarreal (0) S2 Sport 4 19.45
B-riðill
CSKA (5)-Lille (2) S2 Sport 17.00
Trabzonspor (5)-Inter Milan (9)
C-riðill
Galati (0)-Basel (5)
Man. Utd (8)-Benfica (8) S2 Sport 19.45
D-riðill
Real Madrid (12)-Dinamo Zagreb (0)
Lyon (4)-Ajax (7)

Alex Ferguson. „Þetta er stór leikur og alvöru Evrópuleikur þegar við lítum á sögu þessara liða. Bæði lið þurfa að vinna þannig að þetta ætti að vera opinn leikur,“ sagði Ferguson.

Jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar

Tekið er við umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík dagana 23., 24., 30. nóv. og 1., 7. og 8. des. kl. 11-14

þeir sem þegar hafa fengið inneignarkort frá Arion banka í gegnum Hjálparstarfið geta sótt um á www.help.is.

Einnig taka prestar á landsbyggðinni við öllum umsóknum þar. Síðasti umsóknardagur hjá þeim er 8. desember.

Rauði kross Íslands Reykjavíkureiðil

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

HJÓNAABANDSSÆLA

Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni

eftir Michele Riml

„Eftir undirtektum áhorfenda að dæma
getur leikurinn átt eftir að lifa lengi“

- Jón Viðar DV



GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS


Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is

Fös 18. nóv Uppselt
Lau 26. nóv Örfá sæti laus
Sun 27. nóv Örfá sæti laus

Fim 01. des
Fös 02. des
Fös 09. des

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opð Mán - Mið 14:00-18:00 Fim - Sun 14:00-20:00)

Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk



D-vítamín hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkinni. Kalk er nauðsynlegt fyrir uppbyggingu og viðhald beina.

Nú þegar sólin er lágt á lofti fáum við ekki nægilegt D-vítamín í gegnum húðina og því verðum að bæta okkur það upp til dæmis með því að drekka D-vítamínbætta Fjörmjólk. Fjörmjólk inniheldur D-vítamín, A-vítamín, B2-vítamín, fosfór og kalk.

Fjörmjólk – beinlínis full af fjöri!





„Rosalega misjafnt en ég fer einu sinni til tvisvar í viku og kaupi Bláfallabrauð, ost og kókmjólk handa okkur í vinnunni.“

Bragi Brynjarsson, sölumaður og stuðningsmaður Liverpool.

Íslenskur skóhönnuður sýnir í New York

„Þetta er alveg frábært tækifæri fyrir mig,“ segir Halldóra Eydís Jónsdóttir skóhönnuður.

Halldóra heldur til New York í næstu viku með sína fyrstu skólinu. Þar mun hún taka þátt í stórrí sýningu á vegum Fashion Footwear Association of New York ásamt fjölda þekktra hönnuða. „Ég átti ekkert endilega von á að ég myndi komast inn því samkeppnin er hörð. Ég fór í gegnum langt umsóknarferli og hef núna verið samþykkt inn í félagið sem er mikil viðurkenning. Sýningin er hugsuð sem vettvangur fyrir verslanir, fjölmiðla og stílista annars vegar og hönnuði hins vegar

til að mynda tengsl. Ég stefni að því að koma skónum mínum í verslanir erlendis þannig að þetta er risastórt tækifæri.“

Halldóra er 27 ára Mývetningur sem segist hafa elskað skó allt frá barnæsku þegar hún horfði á glæsilega skó ömmu sinnar. Hún útskrifaðist frá London College of Fashion fyrir rúmu ári og ákvað að henda sér strax út í djúpu laugina með því að framleiða sína eigin línu. Halldóra notar nær eingöngu íslenskt hráefni í skóna sína og segir það vekja mikla athygli erlendis. „Ég sýndi línuna mína á Boston Fashion Week um daginn og fékk flott

viðbrögð sem ég var mjög ánægð með. Þar var mikið rætt um hráefnið í skónum mínum sem er til dæmis roð, íslenskt lambaleður og hrosshár.“ Halldóra sækir ekki eingöngu hráefni í íslenska náttúru heldur líka innblástur. Hún segir hana vera þátt í því sem til þarf til að komast af innan hönnunarheimsins. „Við erum heppin að vera frá Íslandi af því að náttúran og allt sem er í kringum okkur er svo mikill innblástur og við eigum frábær hráefni til að nýta. Annars held ég að það sem þurfi til sé að vera einstakur, duglegur, jákvæður og óhræddur við að láta bara vaða.“



SKÓSIJUK Halldóra Eydís sér um hluta framleiðslunnar sjálf, og handsaumar til dæmis hrosshár á skóna.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hátt í fimm þúsund manns geta nú varpað öndinni léttar eftir að Meistaramánuðinum lauk á sunnudaginn. Um árlegt lífsstílsátak er að ræða þar sem þátttakendur hætta öllu sukki í einn mánuð. Átakið fékk sérlega góðar viðtökur í ár og skráðu þúsundir manna sig til leiks, þó svo að eflaust hafi einhverjir tekið þátt

af meiri alvöru en aðrir. Á meðal þátttakenda voru **Diljá Ámundadóttir** borgarfulltrúi og **Ómar R. Valdimarsson** laganemi og blaðamaður. Næsta föstudagskvöld verður svo haldinn fögnuður í miðborg Reykjavíkur þar sem menn geta borið saman bækur sínar og skellt um leið í sig langþráðum bjór og hamborgara. - fb



ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Tökur hefjast á vísindaskáldsögutryllinum Frosti um miðjan desember. Þær fara fyrst fram í höfuðborginni og svo uppi á jökli eftir áramót. Aðalhlutverkin verða í höndunum á Birni Thors og Önnu Gunnðisi en leikstjóri verður Reynir Lyngdal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

REYNIR LYNGDAL: CANADA GOOSE HELDUR Á MANNI HITÁ

Gera fyrsta íslenska vísindaskáldsögutryllinn

„Ef ég kjafta frá því um hvað myndin er þá getur fólk allt eins sleppt því að koma,“ segir Reynir Lyngdal leikstjóri. Um miðjan desember hefjast tölur á nýrri kvikmynd undir leikstjórn Reynis sem hefur hlotið vinnutitillinn Frost. Myndin verður væntanlega fyrsti íslenski vísindaskáldsögutryllirinn og er gerð eftir handriti Jóns Atla Jónssonar. Björn Thors og Anna Gunnðis Guðmundsdóttir fara með aðalhlutverkið í myndinni, en hún verður að mestu leyti tekin uppi á Langjökli.

Reynir kemur inn í kvikmyndina með tiltölulega skömmum fyrirvara sem leikstjóri þótt hann og handritshöfundurinn Jón Atli hafi verið að bralla ýmis-

legt saman að undanförunu. Leikstjórinn segir þetta vera ákaflega spennandi verkefni, þeir séu búnir að skoða aðstæður uppi á jökli en tókudagarnir þar verði væntanlega á bilinu tíu til fimmtán. „Auðvitað er þetta eins klikkað og það getur orðið og ekkert ósvipað því að ráða sig á dall. Ég vona bara að Canada Goose-úlpan haldi á mér hita. Maður verður allavega veðurbarinn yfir jólamatnum. En það er líka hugmyndafræðin á bak við myndina, að vera eins „extreme“ og mögulegt er, ögra okkur og koma okkur í þær aðstæður sem myndin gerist í.“ Þrátt fyrir að tölurnar fari fram í aðdraganda jólaanna á Reynir von á því að halda jólin heima í faðmi fjölskyldunnar.

Anna Gunnðis er næstum nýflutt til landsins eftir að hafa búið í Baskahéraði Spánar og lært þar á brimbretti. Hún leikur eitt aðalhlutverkanna í Svörtu kómédíunni hjá Leikfélagi Akureyrar og er núna búin að landa aðalhlutverki í nýrri íslenski kvikmynd. „Þetta er auðvitað bara fyrst og fremst geðveikt og magnað og ég er jafnvel að fara upp á jökul með flugbjörgunarsveitinni í vikunni til að undirbúa mig sem best,“ segir Anna og bætir því við að það verði sérstaklega gaman að leika á móti Birni Thors, hann sé í sérstöku uppáhaldi. „Ég er bara ofsalega þakklát að fá að stökkva inn í stóra mynd með góðu fólki.“

freyrgjia@frettabladid.is

HRÝLLILEGA SPENNANDI UNGLINGABÆKUR



B

Bókabeitan ehf - bokabeitan@bokabeitan.is - Sími: 588 6609

Þjófar ekki smekkmenn á tónlist

Bíll trommuleikarans Einars Scheving er kominn í leitirnar en honum var stolið á dögumum eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag. Strax sama dag fékk Einar símtal þar sem hann var látinn vita af bílnum.

„Þetta var fólk sem var á göngutúr í götunni sinni í Skerjafirði. Það hafði séð blaðið um morguninn,“ segir Einar, sem var að vonum himinlifandi yfir fregnunum.

Bíllinn var í góðu ásigkomulagi. Geislaspilara hafði verið stolið úr honum og klinki, auk kassa með kertum sem sonur hans hafði verið að selja fyrir drengjakór Reykjavíkur. Trommudót og 25

kynningareintök af nýjustu plötu hans Land míns föður lágu aftur á móti ósnert í bílnum. „Það er greinilega enginn áhugi fyrir þessari tónlist á þeim bænum. Þetta eru ekki smekkmenn á tónlist en ætla samt að hafa það kósý yfir hátíðarnar með drengjakórskertunum,“ segir Einar, sem getur núna brosað út í annað eftir að hafa fengið bílinn til baka.

Spurður hvort fólkíð sem benti honum á bílinn fái fundarlaun eins og hann var búinn að lofa segir trymbillinn: „Þetta gerðist svo hratt að maður átti eftir að útfæra fundarlaunin en maður gerir eitthvað gott fyrir þau.“

- fb



ÁNÆGÐUR Trommuleikarinn Einar Scheving er himinlifandi yfir því að hafa fengið bílinn sinn til baka.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



MEGAVIKA

1.390 KR.

Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.
Vikuna 21. – 27. nóvember 2011



NÝBAKAÐ KANILGOTT
MEÐ GLASSÚR
FYLGIR FRÍTT MEÐ FYRSTU
700 PÖNTUNUM DAGSINS.



dominos.is ♦ 58-12345



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

MATSEÐILLINN
FYLGR BLAÐINU

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN

2010

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sölvi kann að skylmast

Fjölmíðlamanninum **Sölva Tryggvasyni** er margt til lista lagt. Hann auglýsir nú eftir þátt-takendum á námskeiði í Kendo, japönskum skyllingum, sem hann mun sjálfur kenna á næstunni. Sölvi hefur æft íþróttina í fimm-tán ár og kennt hana í fimm. Á Facebook-síðu sinni greinir hann frá því að hann hafi meðal annars tekið þátt í heimsmeistaramóti í Japan árið 1996 og Evrópumeistaramóti í Frakklandi, þar sem hann tók svokallað 2. dan í greininni. Sölvi kenndi Kendo síðast fyrir fjórum árum og ætlar nú að skella sér í kennaragallann á nýjan leik.



Vegir Jónsa órannsakanlegir

Jón Þór Birgisson, betur þekktur sem Jónsi úr Sigur Rós, hefur ansi mörg járn í eldinum. Ásamt félögum sínum í Sigur Rós hefur Jónsi verið að kynna tónleikamyndina *Inni*, von er á nýju efni frá hljómsveitinni og svo samdi íslenski tónlistarmaðurinn tónlistina við kvikmyndina *We Bought a Zoo*. Á áströlsku heimasíðunni aussietheater.au er síðan greint frá því að Jónsi hafi samið og sungið nýtt lag fyrir áströlska leiksýningu upp úr teiknimyndinni *How to Train Your Dragon* en Jónsi átti einmitt lag í þeirri mynd. Sú sýning



þykir ein sú metnaðar-fyllsta sem sögur fara af og skartar meðal annars risastórum dreka. - sv, fgg

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Leitaði aðstoðar eftir að hafa ráðist á leikskólakennara
- 2 Hermann Fannar borinn til grafar
- 3 Lögreglan fór tvisvar inn í fikniefnabæli
- 4 Straumhvörf í rannsóknum á krabbameini
- 5 Erfiðast að tilkynna fólk um barnsmísi

★★★★★
„Bókin er svo jafngóð, að það er eiginlega lygilegt.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

KONAN VIÐ 1000°
Halldór Grímur Helgason




TILBOÐSDAGAR

Gerð gæða- og verðsamanburð

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

FREYJA, SAGA OG ÞÓR

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



Verðdæmi:
FREYJA / SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200

Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**



10.000 kr. vörukaup
fylgja öllum
heilsurúmum.

(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Hægindastóll **79.900**

**20%
AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

VALHÖLL, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900**.

BOAS

leður hægindastóll.
Nokkrir litir
79.900 kr.



BOAS

rafmagns lyftu stólar.
149.900 kr.



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00